



Starfsskýrsla **2025 - 2026**

LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Umsjón: Þórey S. Þórðardóttir

Umbrot, myndvinnsla og hönnun: Ingibjörg Berglind Guðmundsdóttir

Kápumynd: Gjáin

Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	4
Stjórn og starfsfólk	10
Landssamtök lífeyrissjóða	14
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2025	18
Yfirlit yfir starfsemi, frá aðalfundi 2025	21
Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða	23
SAMSKIPTANEFND	26
NEFND UM FJÁRFESTINGARUMHVERFI LÍFEYRISSJÓÐA	37
RÉTTINDANEFND	42
FRÆÐSLUNEFND	54
ÁHÆTTUNEFND	61
Samskipti við ríkið	67
PRICE – Rannsóknastofnun lífeyrismála	70
Erlent samstarf og samanburður við önnur lönd	73
Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira	77



Ávarp stjórnarformanns

Afkoma lífeyrissjóða á árinu 2025 verður að teljast viðunandi á alþjóðlegum óvissutímum stríðsátaka í Evrópu og tollastríðs sem hafði áhrif um víða veröld.


Raunávöxtun eigna sjóðanna var að meðaltali 2,6% en var 6,7% árið 2024. Við samanburð verður að hafa í huga að árið 2024 var sjóðunum í hagfelldara lagi þegar upp var staðið.

Meðalávöxtun eigna undanfarin tíu ár var 3,7% en 1,8% undanfarin fimm ár.




Heildareignir lífeyrissjóðakerfisins í lok árs 2025 voru 8.878 milljarðar króna og höfðu aukist um tæplega 270 milljarða króna á árinu.

Árleg raunávöxtun lífeyrissjóða



Áætluð ávöxtun fyrir árið 2025 • Heimild: Seðlabanki Íslands

Raunávöxtun lífeyrissjóða • 5 og 10 ára meðalávöxtun




Áætluð ávöxtun fyrir 2025



Eignir lífeyrissjóða svara til rúmlega 190% af áætlaðri vergri landsframleiðslu (VLF) Íslendinga 2024. Einungis Danmörk var ofar Íslandi að þessu leyti meðal OECD-ríkja. Heildareignir lífeyrissjóðakerfis Dana námu líðlega 206% af vergri landsframleiðslu þeirra 2024.

Erlendar eignir lífeyrissjóðanna námu 41,5% af heildareignum þeirra í lok árs 2025.

Eignir lífeyrissjóða





Mercer-samanburður og aukið traust

Íslenska lífeyrissjóðakerfið var í öðru sæti lífeyrskerfa veraldar í alþjóðlegum samanburði Mercer-vísitölnnar á árinu 2025, næst á eftir Hollandi. Í þriðja sæti var Danmörk. Þessi þrjú kerfi fengu álíka mörg stig og þau einu sem hafa útskrifast með A-einkunn í samanburði Mercer-lífeyrsvísitölnnar fimm ár í röð.

Samanburðurinn nær til fimmtíu og tveggja ríkja og við sem fylgjumst með umræðum um íslenskt skólakerfi tökum eftir því að einkunnagiöf í Mercer er gefin bæði í bókstöfum og tölum!

Freistandi er að álykta sem svo að fréttir ár eftir ár um að Ísland sé í bestu deild lífeyrissjóða heimsins hafi beinlínis áhrif á þjóðmálaumræðuna hér enda kemur upphefðin oft að utan.

Staðreynd er að lífeyrissjóðakerfið okkar siglir tiltölulega lygnan sjó í þjóðmálaumræðunni og traust Íslendinga til lífeyrissjóða eykst mælanlega í könnunum Maskínu frá 2016 til 2025.

Það er því af sem áður var þegar blés kröftuglega í kringum lífeyrissjóði í opinberri umræðu og samskiptanefnd Landssamtakanna var hóað

Erlendar eignir lífeyrissjóða • Hlutfall af heildareignum



Heimild: Seðlabanki Íslands

saman aftur og aftur á krísufundi til að bregðast við hinu og þessu sem sagt var og gert og nauðsynlegt þótti að bregðast við þegar í stað.

Í seinni tíð koma lífeyrissjóðir helst við sögu í umræðum um verðtryggingu og vexti. Sumir áhrifamenn í þjóðlífinu halda því stíft fram að starfsemi lífeyrissjóða stuðli að því að halda uppi háum vöxtum og þeir beinlínis þrífist best í hávaxtaumhverfi.

Forystufólk úr okkar röðum hefur svarað og andmælt þessum sjónarmiðum með málefnalegum rökum. Ítrekað hefur því til að mynda verið haldið fram að 3,5% raunvaxtaviðmið vegna mats á skuldbindingum lífeyrissjóða kalli á verðtryggt fjármálakerfi og þar af leiðandi hærra vexti en ella.

Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna-Lífsverks lífeyrissjóðs, fjallaði um málið í blaðagrein og sagði verðbólguna vera vandamálið en ekki ávöxtunarviðmið sem notað væri til að núvirða lífeyrisgreiðslur til framtíðar. Hann afgreiddi rangan málflutning að auki með dæmisögu:

Endurtekin skrif um núvirðingarkröfu í tryggingafræðilegu uppgjöri lífeyrissjóða og skaðsemi verðtryggingar minna á sögunum um

bóndann sem tók eftir því að sólin reis alltaf skömmu eftir að haninn hans galaði á morgnana. Hann komst að þeirri niðurstöðu að haninn væri að valda sólarupprásinni. Þegar hann flutti og haninn þagnaði um tíma reis sólin engu að síður.

Fjárfestingarheimildir og rekstur lífeyrissjóða

Alþingi hefur til meðferðar stjórnarfrumvarp til breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þar ber hæst að lögð er til breyting ákvæða er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.

Vert er að benda á að í upphafi greinargerðar frumvarpsins er beinlínis vísað til ábendinga Landssamtaka lífeyrissjóða um að núgildandi lagarammi magnbundinna takmarkana snúi meira að formi fjárfestinga en efni þeirra, eðli og undirliggjandi áhættu. Lagaramminn gildi jafnt fyrir alla lífeyrissjóði, óháð stærð þeirra, lengd skuldbindinga og áhættusniði sjóða. Of mikil áhersla á magnbundnar takmarkanir kunni að hamla notkun skynsemisreglu við fjárfestingar. Því sé nauðsynlegt að endurskoða lagaumgjörðina.

Skemmst er frá að segja að við teljum að frumvarpið feli í sér verulega réttarbót fyrir lífeyrissjóði, sjóðfélaga og efnahagslífið í heild sinni.

Starfsmenn fjármála- og efnahagsráðuneytis hafa átt mikið og ítarlegt samráð við Landssamtök lífeyrissjóða og aðra hagaðila og vinna að málinu af stakri fagmennsku. Slíkt samráðsferli er til fyrirmyndar og ég vil þakka sérstaklega fyrir það.

Því hefur verið fleygt fram að með þessari lagabreytingu fái lífeyrissjóðir svo mikið svigrúm til fjárfestinga að þörf sé á að velta fyrir sér aðhaldi eða einhvers konar mótvægisáðgerðum.

Áhyggjur af því tagi eru tilefnislausar. Minni áhersla á magnbundnar takmarkanir eiga að skila sér í enn vandaðri eigna- og áhættustýringu sjóðanna. Með því að styðjast í auknum mæli við svokallaða skynsemisreglu í fjárfestingum er stuðlað að betri áhættuvitund og möguleikum til að laga eignasafn sjóða að áhættusniði með langtímahagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi.

Þá eru boðaðar lagabreytingar almennt fallnar til þess að liðka fyrir fjárfestingum í til dæmis innviðaverkefnum og ákvæði um heimild til verðbréfalána kann að gera íslenskan verðbréfamarkað virkari en hann nú er.



Eftirlitsgjald

Lífeyrissjóðum hefur fækkað verulega undanfarin ár. Þeir voru 96 árið 1990, 62 um aldamót en eru núna 17 talsins og hefur því fækkað um 45 á þeim árum sem liðin eru frá aldamótum.

Sameining lífeyrissjóða og fækkun þeirra hefur ekki skilað því að lögbundið eftirlitsgjald vegna fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, sem sjóðunum er ætlað að greiða, lækki heldur hefur það hækkað. Heildargjald sem lagt var á eftirlitsskylda aðila vegna yfirstandandi árs, 2026, hækkaði þannig um 6,53% frá fyrra ári en hlutfallslega mun meira hjá lífeyrissjóðum en öðrum eftirlitsskyldum aðilum eða um liðlega 13%.

Hækkunina má rekja til lagaákvæðis um að eftirlitsgjaldið sé hlutfall af hreinni eign lífeyrissjóða og því ekki háð því hvort verkefnum fjármálaeftirlitsins fækki eða fjölgi.

Landssamtökin telja þessa gjaldheimtu óhóflega og benda á það í bréfi sem þau sendu fjármála- og efnahagsráðuneytinu í byrjun árs að eftirlitsskyldir aðilar hafi snúið við hverjum steini til að draga úr rekstrarkostnaði. Þá hafi ríkisstofnanir um árabíl sætt kröfum um aðhald og eðlilegt sé að sama gildi um fjármálaeftirlitið.

Mælst er til þess að ráðuneytið kanni málið og dragi verulega úr gjaldheimtunni enda eigi sameining lífeyrissjóða að skila sér í minni vinnu við eftirlit.

Innviðafélag

Fyrir Alþingi liggur stjórnarfrumvarp til laga um innviðafélag, hlutafélag um fjármögnun og uppbyggingu mikilvægra samgöngumannvirkja. Fyrirmyndin er sótt til evrópskra grannríkja og góðrar reynslu þar, svo sem í Danmörku og Noregi.

Til greina kemur að færa yfir til innviðafélagsins eignarhald á samgöngumannvirkjum sem þegar eru til staðar og miðað er við að félagið innheimti gjald fyrir notkun samgöngumannvirkja í eigu þess líkt og tíðkaðist í Hvalfjarðargöngum á rekstrartíma Spalar ehf. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að leitað verði eftir fjármögnun fleiri aðila en ríkisins. Lífeyrissjóðir eru þar sérstaklega nefndir til sögunnar.

Landssamtök lífeyrissjóða telja rétt að fjalla um arðsemismarkmið innviðafélagsins í lögum. Slíkar forsendur þurfi að liggja fyrir og taka tillit til áhættu, eðlis fjárfestingar, vaxtartækifæra og líftíma. Þannig megi stuðla að auknum áhuga stofnanafjárfesta á verkefnum á vegum innviðafélagsins en hver

og einn lífeyrissjóður muni leggja sjálfstætt mat á mögulegar fjárfestingar í innviðaverkefnum.

Mikilvægt sé að setja verkefnin upp með þeim hætti að fjárfestar geti tekið afstöðu til þátttöku í hverju og einu þeirra. Óheppilegt sé að safna mörgum verkefnum saman í eitt eignarhaldsfélag heldur verði að hafa hverja framkvæmd í sérstöku félagi óháðu öðrum félögum samstæðunnar um fjármögnun.

Þóknun og viðskiptahættir erlendra vörsluaðila

Hér á landi starfa erlend fyrirtæki sem taka stóran hluta af lífeyrissparnaði viðskiptavina sinna í þóknunir og kostnað. Þessar þóknunir erlendu vörsluaðilanna og viðskiptahættir hérlendis voru enn og aftur teknar fyrir í þjóðmálaumræðunni á síðastliðnu ári í þáttum og greinum og sláandi upplýsingar birtar.

Fulltrúar þessara fyrirtækja beina ágengri markaðssókn sinni að ungu fólki og hafa árangur sem erfiði.

Landssamtök lífeyrissjóða fagna umræðu um kostnaðarhlutfall og viðskiptahætti vörsluaðila og vænta þess að stjórnvöld láti til sín taka á þessum vettvangi.



Sjóðfélagar af erlendum uppruna

Sjóðfélögum af erlendum uppruna fjölgar stöðugt og þeirri þróun fylgja nýjar áskoranir. Þannig voru 78% nýrra sjóðfélaga í Stapa lífeyrissjóði erlendir ríkisborgarar árið 2025 og Stapi greiðir mánaðarlega um 170 manns inn á erlenda reikninga. Viðtakendur eru fólk sem kom hingað til lands, aflaði sér réttinda og flutti aftur til heimalands síns.

Sömu sögu er að segja hjá fleiri lífeyrissjóðum, til að mynda Gildi. Árið 2025 voru 54,2% greiðandi sjóðfélaga í Gildi af erlendum uppruna og hefur það hlutfall rúmlega tvöfaldast á tíu árum.

Landssamtökin skipuðu starfshóp um málið og hefur hann tekið verkefnið föstum tökum. Frá upphafi þótti ljóst að málið væri stærra en svo að það varðaði lífeyrissjóðakerfið eitt heldur þyrftu fleiri að koma að því úr ýmsum áttum, til dæmis frá tilheyrandi ráðuneytum, Tryggingastofnun, Hagstofunni og Þjóðskrá.

Stærstu áskoranirnar snúa að því hvað verður um útlendinga sem ávinna sér lífeyrisréttindi hérlendis og flytja síðan af landi brott. Lífeyrissjóðir hafa lagaskyldur að rækja gagnvart þessum sjóðfélögum


sínum og frumskilyrðið er að hafa upplýsingar um hvar þeir eru niðurkomnir og hvort þeir séu yfirleitt lífs eða liðnir.

Það er nefnilega svo að fólk af erlendum uppruna skráir sig oft ekki úr landi og í mörgum tilvikum liggur ekki fyrir vitneskja um dvalarstaði. Mörg dæmi eru líka um andlát sjóðfélaga erlendis án þess að upplýsingar berist um fráfalið hingað til lands. Þetta er því augljóslega vandamál sem varðar bæði lífeyrissjóði og íslenska ríkið.

Ýmislegt er í bígerð til að auka og styrkja nauðsynlega upplýsingamiðlun um sjóðfélaga af erlendu bergi brotna. Til að mynda er Þjóðskrá reiðubúin að taka við tilkynningum um andlát frá TR ef þær berast frá systurstofnunum TR á EES-svæðinu. Slíkt yrði til mikilla bóta. Þá stendur til að Þjóðskrá tengi saman í kerfum sínum erlendar og íslenskar kennitölur sem væri stórt skref í rafrænni auðkenningu landa á milli.

Þjóðaratkvæðagreiðslan

Ég vil í fáeinum orðum víkja að þjóðaratkvæðagreiðslu um aðildarviðræður við Evrópusambandið 29. ágúst næstkomandi.



Landssamtök lífeyrissjóða ætla ekki að hafa skoðun á því hvað fólk gerir í kjörklefanum en hver svo sem niðurstaðan verður er málið mikilvægt. Ísland er hluti af Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópurétturinn skiptir meira og meira máli hérlandis. Margvíslegar kröfur sem lögfestar eru gagnvart lífeyrissjóðum á Íslandi eiga rætur að rekja til Evrópusambandsins og aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Við skulum halda vöku okkar og standa vörð um lífeyrissjóðakerfið. Við tökum við lögum og reglum að utan og samþykkingum sem hluta af íslenskri löggjöf. Evrópusambandið hefur engar formlegar valdheimildir í lífeyrismálum en hætt er við því að þær séu sóttar með því til dæmis að vilja að starfsemi starfstengdra lífeyrissjóða á innri markaði ESB og EES sé svipuð til að hamla ekki flutningi vinnuafis og þjónustu frá einu ríki til annars.

Landssamtök lífeyrissjóða vinna að því að safna upplýsingum sem varða ESB og lífeyrissjóði af gefnu tilefni, nefnilega þjóðaratkvæðagreiðslunni. Við verðum að búa okkur undir þá niðurstöðu sem upp úr kjörkössum kemur og átta okkur á því hvernig ESB-aðild kann að snerta lífeyriskerfið.

Eitt af því sem við könnum sérstaklega í þessu sambandi er sú sérstaka réttarstaða sem finnska lífeyrissjóðakerfið nýtur í ESB.

Í Finnlandi hefur launafólki verið skylt að greiða í lífeyrissjóð frá því 1962. Þarlendir lífeyrissjóðir eru reknir af fjórum finnskum líftryggingafélögum, sem hefðu að óbreyttu fallið undir forvera svonefnds Solvency-regluverks Evrópusambandsins. Þetta þótti Finnum of íþyngjandi og sömdu um í aðildarviðræðum að Evrópureglur skyldu ekki gilda um þessi finnsku félög. Um þau fer því eftir sérstökum finnskum lögum og hefur sú undanþága haldist.

Skipulagsmál Landssamtakanna

Stjórn Landssamtakanna hefur ákveðið að efna til vinnu- og stefnumótunarfundar á hausti komanda og fjalla um hlutverk samtakanna vítt og breitt, þar með talið um samsetningu stjórnar og fjölda stjórnarmanna.

Tilfnið er að í aðdraganda þessa ársfundar gerðist það í fyrsta sinn að uppstillingarnefnd til stjórnarkjörs kom sér ekki saman um eina tillögu heldur skilaði meirihluta- og minnihlutaálitum. Áður hafði uppstillingarnefndin lagt til að fjölga

stjórnarmönnum samtakanna úr níu í tíu, það er að segja að bæta við einu sæti stjórnarmanns úr röðum sjóða með bakland utan almenna vinnumarkaðarins og opinberra sjóða. Rökin voru þau að þannig mætti endurspegla betur raunverulegt vægi og starfsumhverfi lífeyrissjóðanna með tilliti til tegundar, stærðar og fjölda sjóða.

Vísað er til þess að í stjórn sitji núna sex fulltrúar heildarsamtaka atvinnurekenda og launafólks á almennum vinnumarkaði en þrjár fulltrúar annarra sjóða, þar af tveir fulltrúar opinberra sjóða. Vægi heildareigna sjóða á almennum markaði annars vegar og opinberra og annarra sjóða hins vegar sé álíka mikið.

Þetta eru í hnotskurn efnisatriði málsins og eðlilegt að ræða þau enda er ekkert tekið á vægi stjórnarmanna eftir ólíkum sjóðum í reglum eða samþykktum Landssamtakanna. Stjórnin ræddi málið ítarlega á fundi sínum í apríl og niðurstaðan var sú að breyta engu í þessum eignum á ársfundinum 2026 en gefa umræðunni tíma á sérstökum fundi í haust.



Þakkir

Ég vil að lokum þakka meðstjórnarmönnum mínum, starfsfólki Landssamtaka lífeyrissjóða, fólki í starfsnefndum samtakanna og öllum öðrum sem sinna verkefnum fyrir lífeyrissjóðakerfið.

Ég þreytist seint á að dást að og lofa mannvalið hjá okkur, alla sérfræðingana á öllum sviðum lífeyrismála sem starfa í lífeyrissjóðunum og við njótum góðs af í starfi Landssamtakanna.

Við höfum fimm fastanefndir í Landssamtökum lífeyrissjóða. Þær eru allar virkar og hafa fjölda verkefna að fást við. Sum verkefnin eru flókin og umfangsmikil og í þeim skarast jafnvel svið tveggja eða fleiri fastanefnda. Ég nefni sem dæmi langtímaverkefnið sem varðar sjóðfélaga af erlendum uppruna. Það er á könnu réttindanefndar og áhættunefndar en fræðslunefnd þarf mögulega að koma líka að málinu og samskiptanefnd sömuleiðis.

Mikið er unnið og mörgu skilað kláru til hafnar en verkefnunum fækkar ekki heldur fjölgar. Það er bara gangur lífsins í okkar ranni.

Jón Ólafur Halldórsson



Stjórn og starfsfólk

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð níu aðalmönnum og þremur varamönnum.

Stjórnarmenn eru kosnir á aðalfundi samtakanna til tveggja ára í senn, fjórir aðalmenn og einn varamaður annað árið og fimm aðalmenn og tveir varamenn hitt árið.

Uppstillingarnefnd gerir tillögur til aðalfundar um skipan stjórnar. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar, skipaðir til fjögurra ára. Einn er tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, einn frá samtökum starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga, einn tilnefndur af Samtökum atvinnulífsins, einn frá launagreiðendum ríkis og/eða sveitarfélaga og einn frá þeim lífeyrissjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign. Í nefndinni sátu Georg Páll Skúlason (ASÍ), Magnús Már Guðmundsson (samtök starfsmanna ríkis og/eða sveitarfélaga), Arnar Sigurmundsson (SA), Viðar Helgason (launagreiðendur ríkis og/eða sveitarfélaga) og

Ásdís Eva Hannesdóttir (frá sjóðum sem skilgreina hluta skylduiðgjalds í séreign). Skipunartími nefndarinnar rann út á árinu og er nefnd næstu fjögurra ára skipuð sömu einstaklingum, þó með þeim breytingum að í stað Magnúsar Más Guðmundssonar kom Hrannar Már Gunnarsson og í stað Ásdísar Evu Hannesdóttur kom Agnar Kofoed-Hansen.

Samkvæmt samþykktum LL ber uppstillingarnefnd að hafa það markmið við tillögugerð sína að stjórnin endurspegli fjölbreytileika þeirra sjóða sem aðild eiga að landssamtökunum. Fulltrúar í stjórn eiga að vera af báðum kynjum og koma úr röðum ólíkra sjóða, frá höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni, úr röðum framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og stjórnarmanna, bæði fulltrúa launafólks og atvinnurekenda. Tillögur nefndarinnar voru lagðar fyrir aðalfund LL sem haldinn var 27. maí 2025.

Skipunartíma fjögurra aðalmanna, Davíðs Rúdólfssonar, Elsu Bjargar Pétursdóttur, Eyrúnar Jönu Sigurðardóttur og Jakobs Tryggvasonar, var að ljúka og eins varamanns, Unu Eyþórsdóttur. Þá hafði Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri SL lífeyrissjóðs, óskað lausnar frá stjórnarstörfum en hann átti eitt ár eftir af sínum kjörtíma sem varamaður. Voru þau Davíð Rúdólfsson, framkvæmdastjóri Gildis, Elsa Björg Pétursdóttir, varaformaður stjórnar Stapa lífeyrissjóðs, Eyrún Jana Sigurðardóttir, stjórnarformaður Festu lífeyrissjóðs, og Jakob Tryggvason, stjórnarmaður í Birtu lífeyrissjóði, endurkjörin í stjórn LL til tveggja ára. Ásdís Eva Hannesdóttir, stjórnarformaður Frjálsa lífeyrissjóðs, og Jón L. Árnason, framkvæmdastjóri Lífsverks lífeyrissjóðs, voru kjörin varamenn í stað Sigurbjörns Sigurbjörnssonar og Unu Eyþórsdóttur.



Fjórir aðalmenn voru kjörnir í stjórn LL til tveggja ára:

Davíð Rúdólfsson

Elsa Björg Pétursdóttir

Eyrún Jana Sigurðardóttir

Jakob Tryggvason

Aðrir stjórnarmenn:

Auður Kjartansdóttir

Harpa Jónsdóttir

Jón Ólafur Halldórsson

Ólafur Páll Gunnarsson

Valmundur Valmundsson

Einn varamaður var kjörinn til tveggja ára:

Ásdís Eva Hannesdóttir

Einn varamaður var kjörinn til eins árs:

Jón L. Árnason

Aðrir varamenn:

Sigríður Magnúsdóttir





Efri röð f.v.: Davíð Rúðólfsson, Auður Kjartansdóttir, Jakob Tryggvason, Valmundur Valmundsson, Ólafur Páll Gunnarsson og Eyrún Jana Sigurðardóttir. Fremri röð f.v.: Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri, Jón Ólafur Halldórsson, formaður, og Harpa Jónsdóttir, varaformaður.

Í kjölfar aðalfundar LL var haldinn stjórnarfundur þar sem ný stjórn LL kom saman og skipti með sér verkum. Var Jón Ólafur Halldórsson endurkjörinn sem formaður stjórnar og Harpa Jónsdóttir sem varaformaður.



Þórey S. Þórðardóttir
framkvæmdastjóri



Vilborg Guðnadóttir
verkefnastjóri



Andrés Þorleifsson
lögfræðingur



Stefán Halldórsson
verkefnastjóri



Helga Rún Guðjónsdóttir
sérfræðingur

Starfsmenn

Framkvæmdastjóri Landssamtakanna er Þórey S. Þórðardóttir. Aðrir starfsmenn eru Vilborg Guðnadóttir, verkefnastjóri, Andrés Þorleifsson, lögfræðingur, og Helga Rún Guðjónsdóttir, sérfræðingur. Þá hefur Stefán Halldórsson starfað fyrir samtökin í hlutastarfi sem sérfræðingur að ýmsum verkefnum en hann hefur nú látið af störfum.



Um Landssamtök lífeyrissjóða

Landssamtök lífeyrissjóða eru heildarsamtök lífeyrissjóða sem hafa hlotið starfsleyfi samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, eða starfa samkvæmt sérlögum um lífeyrissjóði. Upphaf núverandi lífeyrissjóðakerfis má rekja til ársins 1969 þegar samið var í allsherjarkjarasamningum á vinnumarkaði um stofnun atvinnutengdra lífeyrissjóða með skylduaðild og fullri sjóðsöfnun frá og með árinu 1970.


Í kjölfarið fjölgaði lífeyrissjóðum og voru þeir tæplega 100 árið 1980. Á síðustu árum hefur þeim hins vegar fækkað verulega vegna sameininga. Á starfsárinu fækkaði sjóðunum um þrjá: Lífeyrissjóður starfsmanna

Fjöldi lífeyrissjóða á Íslandi

Frá árinu 1980 til 2026



Akureyrarbæjar og Brú lífeyrissjóður sameinuðust, Lífsverk lífeyrissjóður og Almenni lífeyrissjóðurinn sameinuðust sem og Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands og Frjálsi lífeyrissjóðurinn. Eftir þessar sameiningar eru sjóðirnir 17 talsins.



Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða

Í 4. gr. samþykktu LL er hlutverk samtakanna tilgreint sem hér segir:



Gæta í hvívetna hagsmuna sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða sem aðild eiga að samtökunum.



Vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmuni þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiri háttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmuni aðildarsjóðanna.



Hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.



Vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.



Stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.



Fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.



Vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.




Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða

Lífeyrissjóður

Hrein eign 31.12.2024

% af heildareignum

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins	1.566.743.851	19%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	1.457.577.507	17,7%
Gildi – lífeyrissjóður	1.126.653.398	13,7%
Birta lífeyrissjóður	696.107.592	8,4%
Almenni Lífsverk lífeyrissjóður	666.950.691	8,1%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	571.802.261	6,9%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	543.450.935	6,6%
Stapi lífeyrissjóður	430.524.301	5,2%
Festa – lífeyrissjóður	319.978.389	3,9%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	292.212.184	3,5%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	190.917.105	2,3%
Lífeyrissjóður bankamanna	118.948.651	1,4%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	96.633.918	1,2%
Eftirlaunasjóður FÍA	68.611.074	0,8%
Lífeyrissjóður bænda	45.610.284	0,6%
Lífeyrissjóður starfsmanna Búnaðarbanka Íslands	24.631.178	0,3%
Lífeyrissjóður Rangæinga	23.394.226	0,3%
	8.240.747.545	100%



Lykiltölur íslenska lífeyrissjóðakerfisins

Upplýsingar við árslok 2025



Eignir lífeyrissjóða

8.879 ma.kr



Raunávöxtun lífeyrissjóða

2,6%

Lykiltölur lífeyrissjóða við árslok 2024



Fjöldi greiðandi sjóðfélaga

244.338



Fjöldi lífeyrisþega (67+)

55.958



Iðgjöld

400 ma.kr.



Lífeyrir

307 ma.kr.

Heimild: Seðlabanki Íslands



Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða 2025

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hótel 27. maí 2025. Fundinum var einnig streymt en atkvæði voru einungis greidd á staðnum.

Jón Ólafur Halldórsson, stjórnarformaður LL, setti fundinn. Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs og fyrrum stjórnarmaður LL, var kjörinn fundarstjóri og Helga Rún Guðjónsdóttir, sérfræðingur hjá LL, kjörin fundarritari.

Skýrsla stjórnar

Jón Ólafur flutti skýrslu stjórnar og gerði grein fyrir starfsemi á liðnu starfsári.

Það sem vó þyngst í máli hans var fyrirhuguð breyting á endurhæfingar- og örorkulífeyriskerfi almannatrygginga sem taka átti gildi 1. september 2025. Á þessum tíma lá ekki fyrir hvernig samspili þessara breytinga og greiðslna örorkulífeyris úr lífeyrissjóðum yrði háttað.

Í máli hans kom meðal annars eftirfarandi fram:

„Augljóst má öllum vera að breytingar í þessu kerfi almannatrygginga kalla á breytingar í sama málaflokki í lífeyrissjóðakerfinu. Fá verður botn í fyrirkomulag víxlverkunar í greiðslum almannatrygginga annars vegar og lífeyrissjóða hins vegar. Til mikils er unnið að ná þar samkomulagi. Þarna þarf að stíga varlega til jarðar til að komast hjá því að leysa einn hnút en búa um leið til annan eða fleiri nýja hnúta til framtíðar.“

„Við blasir að umræddar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni munu auka verulega greiðslur úr almannatryggingakerfinu og fyrrgreindar tillögur á breytingum er varða greiðslur örorkulífeyris lífeyrissjóða munu jafnframt leiða til hækkunar á örorkulífeyrisgreiðslum sjóðanna. Verði ekkert að gert mun slík breyting samhliða draga úr styrk sjóðanna til að sinna því höfuðhlutverki sínu að greiða sjóðfélögum eftirlaun.“

„Óhjákvæmilegt er að nefna í þessu samhengi að í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að fella niður framlög ríkisins til að jafna stöðu

lífeyrissjóða gagnvart örorkugreiðslum. Byrðar sjóðanna eru mjög misþungar og hugmyndir um að hætta að greiða þeim jöfnunarframlag eru afar misráðnar, ranglátar og í raun fráleitar.“

Einnig fór Jón Ólafur yfir gott gengi íslensku lífeyrissjóðanna en raunávöxtun hafi verið að meðaltali 6,5% á árinu 2024 og meðaltalsávöxtun undanfarin tíu ár 4% og 2,7% undanfarin fimm ár. Heildareignir lífeyrissjóðanna í lok árs 2024 hafi numið alls 8.248 milljörðum króna en um 7.287 milljörðum króna í lok árs 2023. Lífeyrissjóðunum hafi fækkað undanfarið að frumkvæði þeirra sjálfra eða úr 96 talsins árið 1980 í 20 og útlit væri fyrir enn frekari fækkun á árinu.

Þá fór Jón Ólafur yfir ýmis málefni sem hafa verið á dagskrá samtakanna, má þar m.a. nefna:

- Fyrsta heila starfsár Rannsóknarstofnunar á sviði lífeyrismála – PRICE var 2024. Þar sé fræðasamfélag og samstarfsvettvangur sem styrkir rannsóknir og þróunarstarf á því sviði sem lífeyrissjóðirnir starfa á. Hefur stofnunin



farið vel af stað og hafa verið áhugaverðir fyrirlesarar sem fjallað hafa um margvísleg en ólík viðfangsefni innan lífeyrissjóðakerfa víðsvegar.

- Unnið var að því að koma af stað vinnu við gagnagrunn um lífeyrissjóðakerfið. Vantað hefur heildaryfirlit til að fá gleggri og nákvæmari sýn á lífeyrisréttindi landsmanna.
- Einnig hefur verið unnið að því að fá betri upplýsingar um erlent vinnuafli á Íslandi. Eru ýmsar áskoranir tengdar þessum hópi og skortir yfirsýn og upplýsingar um málið og umfang þess.

Í lok ávarpsins færði Jón Ólafur stjórnarmönnum og starfsfólki LL þakkir fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á starfsárinu auk þess að þakka öllum þeim sem hafa komið að störfum samtakanna.

Ársreikningur

Dórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, fór yfir helstu niðurstöður ársreiknings samtakanna fyrir árið 2024 og breytingar frá fyrra ári.

Kjör stjórnar og varastjórnar

Fjórir aðalmenn kjörnir í stjórn LL til tveggja ára:

Davíð Rúdólfsson
Elsa Björg Pétursdóttir
Eyrún Jana Sigurðardóttir
Jakob Tryggvason

Einn varamaður var kjörinn til eins árs:

Jón L. Árnason

Einn varamaður var kjörinn til tveggja ára:

Ásdís Eva Hannesdóttir

Kjör endurskoðunarfyrtækis

Samþykkt var að KPMG ehf. yrði áfram endurskoðunarfyrtæki samtakanna.

Ákvörðun þóknunar stjórnar og nefndarmanna

Tillaga um þóknun stjórnar var samþykkt samhljóða. Þóknun hvers stjórnarmanns yrði 134.000 kr. á mánuði, þóknun varaformanns stjórnar yrði 201.000 kr. á mánuði og þóknun til formanns stjórnar yrði 268.000 kr. á mánuði. Þóknun til varamanns í stjórn yrði 67.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2025 og ákvörðun um árgjald

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir fjárhagsáætlun samtakanna árið 2025 sem stjórn hafði samþykkt. Jafnframt gerði framkvæmdastjóri grein fyrir tillögu um árgjald fyrir árið 2025 sem fól í sér hækkun um 40 milljónir kr. frá fyrra ári, úr 180 milljónum kr. í 220 milljónir kr., og að fast gjald á hvern aðildarsjóð yrði 550 þúsund kr. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Önnur mál

Fundarstjóri gaf orðið laust undir önnur mál en enginn kvaddi sér hljóðs. Samþykkt var að fundarritari gengi frá fundargerðinni í samvinnu við fundarstjóra utan fundar.

Eftir að formlegum fundarstörfum lauk flutti Már Guðmundsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, erindið „*Aldarfjórðungs skyndimyndir íslenska lífeyriskerfisins; - áskoranir og styrkleikar.*“

Því næst tók til máls Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, sem þakkaði fyrir boðið á aðalfund LL ásamt því að taka undir það sem fram hafði komið. Á eftir Daða Má ávarpaði fundinn Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits.





Gestir á aðalfundi.



Yfirlit yfir starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða frá aðalfundi 2025

Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund, 27. maí 2025, skipti stjórnin með sér verkum og var Jón Ólafur Halldórsson endurkjörinn formaður og Harpa Jónsdóttir varaformaður.

Afar fjölbreytt starfsemi fer fram á vegum landssamtakanna og inn á borð þeirra rata margvísleg erindi. Þau beita sér í málefnum er varða lífeyrissjóðakerfið í heild sinni og skila umsögnum um margvísleg mál, t.a.m. til þingnefnda og ráðuneyta. Einnig er reglulega leitað eftir samráði við samtökin um ýmis málefni.

Fjöldi fyrirspurna berst samtökunum um margvísleg mál og leitast starfsmenn LL við að svara þeim eftir bestu getu eða vísa á viðeigandi heimildir.

Starfsmenn lífeyrissjóða nýta vefinn [Lífeyrismál.is](#) mikið og koma reglulega með ábendingar til samtakanna þegar þeir verða varir við atriði sem má bæta. Slíkar ábendingar eru mikilvægar fyrir stöðuga þróun og umbætur á vefnum. LL eiga jafnframt gott og virkt samstarf við starfsmenn lífeyrissjóða m.a. í gegnum nefndastörf.

Vinnu- og stefnumótunarfundur

Stjórn LL heldur árlega vinnu- og stefnumótunarfund þar sem áherslur í starfsemi LL eru mótaðar. Fundurinn í ár var haldinn 8. september á Hótel Hamri í Borgarfirði. Stjórn LL, starfsmenn og formenn fastanefnda tóku þátt í vinnustofu sem þar fór fram og var Kristinn Hjálmarsson hjá Nótera slf. fenginn til að vera umræðustjóri og leiða vinnuna. Þróstur Olaf Sigurjónsson, prófessor við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands, hélt erindi á fundinum um hlutverk stjórnar við mótun stefnu og eftirfylgni við framkvæmd hennar. Tengdi hann umfjöllun sína við helstu niðurstöður sjálfsmats stjórnar sem hann hafði annast sem ráðgjafi fyrir LL.

Á fundinum var áherslan á að ná fram samstöðu um hvaða verkefni LL skyldu leggja áherslu á og meta hvað mætti betur fara til að ná fram sem bestum árangri. Einnig var farið yfir niðurstöður könnunar Maskínu um viðhorf og þekkingu á lífeyrissjóðum sem gerð var í ágúst 2025.

Skipulag fundarins fólst í einstaklingsvinnu, hópavinnu og sameiginlegri vinnu allra þátttakenda. Markmið vinnudagsins var að fá fram forgangs röðun verkefna skrifstofu LL að teknu tilliti til mannaforráðs. Jafnframt að yfirfara verkefni nefnda LL og svara spurningunni um hvort verkefni væru rétt skilgreind og nægilega afmörkuð í skipunarbréfum út frá helstu áherslum. Helstu niðurstöður fundarins voru að eftirfarandi verkefni ættu að vera í forgangi: verkefni sem snúa að víxlverkun og örorkuframlagi – umbætur í lífeyrskerfinu, breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða – frá magntakmörkunum til skynsemisreglu og forgangsröðun og framgangur kjarnaverkefna LL.

Víxlverkun og örorkuframlag – umbætur í lífeyrskerfinu

Þátttakendur í vinnustofunni voru sammála um að brýnt sé að grípa til aðgerða til að tryggja sanngjarna skiptingu byrða og skapa einfaldara og fjárfingalegra kerfi.



Frá magntakmörkunum til skynsemisreglu – einfaldara og sterkara regluverk

Þátttakendur voru sammála um að nauðsynlegt væri að einfalda kerfið, gera það áhættumiðara í reynd og tryggja innleiðingu.



Forgangs röðun og verkefnastjórnun – árangur og skýr skilaboð

LL standa frammi fyrir fjölmörgum verkefnum en takmörkuðum mannafla. Með skýrri stefnu, forgangs röðun og verkferlum má tryggja að



auðlindir nýtist sem best, mikilvæg verkefni klárast og skilaboð til stjórnáráðgjafanna, sjóðanna og almennings verði markvissari og árangursríkari.



Myndir frá vinnu- og stefnumótunarfundi.





Starfsnefndir Landssamtaka lífeyrissjóða

Á vegum LL starfa fimm fastanefndir: Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, réttindanefnd, samskiptanefnd, fræðslunefnd og áhættunefnd. Starfsnefndirnar eru meðal helstu verkfæra LL og voru settar á laggirnar til að styðja við þau fjölbreyttu verkefni sem unnin eru á vegum samtakanna. Í samþykktum LL er kveðið á um fimm fastanefndir sem stjórn skipar til eins árs í senn og tengjast þær helstu verkefnasviðum LL. Innan nefndanna starfa ýmsir vinnuhópar með skýr og afmörkuð verkefni. Í nefndum og vinnuhópum LL sitja stjórnarmenn og starfsmenn lífeyrissjóða auk þess sem leitað er til utanaðkomandi sérfræðinga eftir þörfum.



Formenn fastanefnda LL: Hildur Hörn Daðadóttir, Ólafur Sigurðsson, Rebekka Ólafsdóttir og Jóna Finndís Jónsdóttir. Á myndina vantar Jón Ólaf Halldórsson.

Formenn fastanefnda LL mættu á jólafund stjórnar LL sem haldinn var þann 16. desember og fluttu þar kynningu á stöðu helstu verkefna nefndanna. Þann 27. janúar var haldin kynning á starfsemi LL fyrir stjórnir lífeyrissjóða, framkvæmdastjóra og lykilstarfsmenn og eru slíkir fundir orðnir fastir liðir í starfsemi samtakanna. Á fundinum kynntu formenn fastanefnda LL helstu verkefni nefndanna og fóru yfir þau málefni sem höfðu verið til umfjöllunar að undanförunu hjá þeim.



Hildur Hörn Daðadóttir.



Ólafur Sigurðsson.



Þórey S. Þórðardóttir.



Jón Ólafur Halldórsson.



Gestir á fundi 27. janúar.



Rebekka Ólafsdóttir.



Jóna Finndís Jónsdóttir.



SAMSKIPTANEFND



Almennt hlutverk:

- Móta stefnu í sameiginlegum kynningarmálum um lífeyrissjóðakerfið.
- Efla skipuleg almannatengsl á vegum LL.
- Fylgjast með og styðja við greinaskrif.
- Fylgjast með almennri umræðu í fjölmiðlum um málefni er varða lífeyrissjóðakerfið og eftir atvikum kalla nefndarmenn og/eða framkvæmdastjóra LL til ef rétt þykir að bregðast við.

Áhersluverkefni 2025-2026:

- Samskiptaáætlun fyrir árið. Skipuleggja fræðsluvettvang og byggja upp og auka tengsl við alþingismenn, ráðherra og aðra þá er koma að mótun lífeyriskerfisins.
- Skipuleggja í samstarfi við fulltrúa nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, fræðslunefndar og áhættunefndar málstofu þar sem varpað er ljósi á kosti og galla þess að

leggja áherslu á skynsemissreglur og draga samhliða úr vægi magnbundinna takmarkana við fjárfestingar lífeyrissjóða.

- Víxlverkun á örorkulífeyrisgreiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða. Leggja fram tillögur að því hvernig æskilegt sé að koma skilaboðum á framfæri við ráðamenn og almenning sem liðkað geta fyrir varanlegri lausn á málinu.

Nefndarmenn:

Jón Ólafur Halldórsson, formaður, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Aðalbjörn Sigurðsson, Gildi – Lífeyrissjóði

Arnaldur Loftsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum

Davíð Rúdólfsson, Gildi – Lífeyrissjóði

Gerður Guðjónsdóttir, Brú Lífeyrissjóði

Gunnar Baldvinsson, Almenna - Lífsverk Lífeyrissjóði

Gylfi Jónasson, Festu Lífeyrissjóði

Harpa Jónsdóttir, LSR

Kolbrún Silja Ásgeirsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Kristinn Jón Arnarson, LSR

Þórey S. Þórðardóttir, LL

Samskiptanefnd vinnur þvert á aðrar fastanefndir LL. Á starfsárinu hélt nefndin fimm reglulega fundi. Áhersla hefur verið lögð á að kalla til sérfræðinga úr röðum lífeyrissjóða sem þekkja til mála hverju sinni og hefur það reynst vel. Þá hefur nefndin einnig leitast við að hvetja fulltrúa lífeyrissjóða til að sýna frumkvæði og skrifa greinar um málefni sem eru ofarlega á baugi hverju sinni.

Helstu samskipta- og kynningarleiðir

Nefndin fjallar um þau málefni sem eru í deiglu hverju sinni. Farið er yfir viðtöl og greinar sem birst hafa og tengjast lífeyrismálum og metið hvort og/eða hvernig bregðast skuli við. Á fundum nefndarinnar eru jafnframt ræddar hugmyndir að fræðsluerindum enda starfar samskiptanefnd náið með fræðslunefnd LL.

Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða

Samskiptanefnd kom að undirbúningi málstofu um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða í samstarfi við fulltrúa annarra fastanefnda LL, sem haldin var 4. desember. Málstofan var í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanka Íslands og bar heitið „Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða, Hver er æskileg umgjörð fyrir fjárfestingar lífeyrissjóða?“ Nánar er fjallað um málstofuna á [bls. 37](#)



Fræðsluvettvangur

Í samstarfi við fræðslunefnd LL hefur vinnuhópur komið að því að skipuleggja hvernig staðið yrði að kynningu fyrir alþingismenn, ráðherra og aðra sem koma að mótun lífeyrissjóðakerfisins. LL hefur uppfært sitt kynningarefni og átt samtál við skrifstofustjóra Alþingis varðandi hentugan tíma o.fl. Umfangsmikil mál hafa verið á borði ráðamanna og því hefur verkefnið dregist.

Greinaskrif

Ávöxtunarviðmið lífeyrissjóða var ítrekað tilefni greinarskrifa á árinu.

Benedikt Gíslason, bankastjóri Arion banka hf., birti grein 7. október 2025 þar sem hann hélt því fram að 3,5% raunávöxtunarviðmið lífeyrissjóða myndaði eftirspurn lífeyrissjóða eftir verðtryggðum eignum og það væru verðtryggð skuldabréf sem stuðluðu að háu vaxtastigi á Íslandi. Aftur birti Benedikt grein um sama efni 1. apríl 2026.

Nokkrir urðu til að svara greinum Benedikts. Þannig ritaði Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna - Lífsverk lífeyrissjóði, grein 8. apríl 2026 þar sem skýrt kom fram að vandamálið

væri verðbólgan, ekki ávöxtunarkrafan sem notuð er til að núvirða framtíðarlífeyrisgreiðslur. „*Þetta hlýtur að vera misskilningur. Núvirðingarkrafan er eitt og ávöxtun fjármuna sjóðfélaga annað. Markmið lífeyrissjóða og annarra fjárfesta er að vernda kaupmátt sparnaðar eða ná ávöxtun umfram verðbólgu. Núvirðingarkrafan breytir engu um þá staðreynd. Ef kröfunni yrði breytt myndu sjóðir og aðrir fjárfestar áfram leitast við að ná jákvæðri raunávöxtun svo sparnaður rýrni ekki að raungildi,*“ sagði Gunnar í grein sinni.

Þá ritaði Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, grein 13. apríl 2026 þar sem hann kvað hugmyndir Benedikts órökstuddar.

Loks ritaði Már Wolfgang Mixa, dósent við viðskiptafræðideild HÍ og stjórnarmaður í Almenna - Lífsverk lífeyrissjóði, grein sem birtist í Viðskiptablaðinu 19. apríl 2026. Í greininni fór Már yfir þróun ávöxtunarkröfu á verðtryggðum ríkisskuldabréfum síðastliðinn áratug en helstu kaupendur slíkra bréfa eru lífeyrissjóðir og skuldabréfasjóðir. Benti Már á að raunávöxtunarkrafan hefði nær allan tímann verið undir 3,5%, jafnvel um eða undir 1% á árunum 2019 til 2022. Sagði Már að ef lífeyrissjóðir væru

að halda uppi 3,5% raunávöxtun ætti þessi þróun ekki að vera möguleg og bætti við að sama saga kæmi fram í sjóðfélagalánum. „*Markmið lífeyrissjóða er að ná um 3,5% raunávöxtun til lengri tíma. Hægt er að deila um það hvort sú ávöxtun sé raunhæf, en tryggingastærðfræðingar miða við hana að hluta til vegna þess að slík ávöxtun hefur náðst í fortíðinni. Það þýðir þó ekki að hver eign beri slíka ávöxtun. Þvert á móti byggja sjóðirnir upp fjölbreytt eignasöfn þar sem mismunandi eignaflokkar gegna ólíkum hlutverkum. Verðtryggð skuldabréf eru fyrst og fremst stöðugleikabáttur. Þegar raunávöxtunarkrafa á þeim er lág, eins og hún var lengi eftir 2015, reyna sjóðirnir ekki að þrýsta henni upp heldur færa sig í aðrar eignir. Þróunin styður þetta,*“ sagði í grein Más, sem taldi að vaxtastigið í landinu stýrðist frekar af peningastefnu Seðlabanka Íslands og verðbólgu.

Rannsóknarsetur um jafnrétti í efnahags- og atvinnulífi

LL hafa verið meðal hagaðila rannsóknarsetursins frá stofnun þess 15. apríl 2025. Rannsóknarsetrið er fræðilegt setur við Háskóla Íslands og hefur það meginmarkmið að efla þekkingu á stöðu kynjanna í íslensku atvinnulífi. Starfsemin byggir á þverfaglegum rannsóknum á þátttöku, stöðu og



tækifærum fólks á vinnumarkaði og leitast við að greina hindranir sem valda kynjabili í launum, stjórnunarstöðum, frumkvöðlastarfsemi og fjárfestingum. Með markvissri gagnaöflun, greiningu og miðlun niðurstaðna styður setrið við stefnumótun og aðgerðir sem miða að auknu jafnrétti í efnahagslífinu.

Í ársskýrslu setursins er haft eftir Þóreyju S. Þórðardóttur, framkvæmdastjóra LL, að jafnréttisumbætur séu oft hægfara ferli en stöðug og markviss vinna skili árangri til lengri tíma. Rannsóknasetrið birti lykilstaðreyndir um stöðu kynjanna í íslensku atvinnulífi, m.a. að konur eru einungis 21,3% æðstu stjórnenda. Slík gögn undirstrika mikilvægi upplýstrar og málefnalegrar umræðu sem byggir á traustum rannsóknum. Raunverulegt jafnrétti krefst jafns aðgengis að tækifærum, og setrið stuðlar að þeirri þróun með kerfisbundinni þekkingaröflun og greiningu. Af þessum ástæðum séu LL samstarfsaðili setursins.



Almanak

Landssamtökin gáfu út almanak fyrir árið 2026 líkt og undanfarin ár. Almanakið hefur notið mikilla vinsælda meðal starfsmanna lífeyrissjóða og er jafnframt dreift til stéttarféлага. Þema þess eru tölulegar upplýsingar úr lífeyrissjóðakerfinu og sá starfsfólk LL um úrvinnslu og framsetningu talnagagna í samstarfi við hönnuðinn Ingibjörgu Berglindi Guðmundsdóttur hjá Cave Canem hönnunarstofu.

Lífeyrismál.is

Heimsóknir á vef Landssamtaka lífeyrissjóða, lifeyrismal.is, hafa haldið áfram að aukast og vefurinn styrkt stöðu sína sem mikilvæg upplýsingaveita um lífeyrismál. Á starfsárinu 2025–2026 voru virkir notendur um 81.800 og hlutfall nýrra notenda hátt sem bendir til þess að vefurinn nái til sífellt breiðari hóps.

Sérstaklega er ánægjulegt að sjá áframhaldandi vöxt í notkun enska og pólska efnis vefsins, þar hafa heimsóknir aukist verulega. Meðal vinsælasta efnis vefsins eru áfram „Spurt og svarað“ síður sem bjóða upp á aðgengilegar upplýsingar á íslensku, ensku og pólsku. Þá er Lífeyrisgáttin meðal mest sóttu efnisins sem undirstrikar mikilvægi skýrrar og notendavænnar upplýsingamiðlunar.

Mánaðarpóstar

LL miðla reglulega upplýsingum til starfs- og stjórnarmanna lífeyrissjóða um áhugaverð málefni með útgáfu mánaðarpósta. Þar er vakin athygli á fræðsluerindum og öðrum verkefnum sem eru framundan. Á starfsárinu voru sendir út alls 14 slíkir póstar.





Mánaðarpóstar LL · 2025-2026

Alls voru sendir út 14 mánaðarpóstar á starfsárinu.

LÍFEYRISGÁTTIN SPURT OG SVARAD LÍFEYRISJÓDIRNIR LL



FJÁRFESTINGARHEIMILDIR
LÍFEYRISJÓÐA

Hvern er besting umgjörð fyrir fjárfestingar lífeyrisjóða?

Áberandi samhljómur í málstofu um fjárfestingarheimildir

Haldin var málstofa í samstarfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, LL og Seðlabanka Íslands, 4. desember á Hilton Natura. Málstofan var vel sótt og spennust áhugaverðar umræður.

[Skoða frétt](#)



PRICE fyrirlestrar í apríl - maí



Fjárfestingar lífeyrissjóða og áhrif lífeyrisauðs á vinnumarkað

Jón Guðjónsson, doktorsnemi við hagfræðideild Viðskiptaháskólans í Kaupmannahöfn (CBS), heldur fyrirlestur um fjárfestingar lífeyrissjóða – Dolinmæði eða skammtímabrásk? Hvernig leiða hjárðhegðun á mörkuðum?
Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands 28. apríl kl. 12–13.30.

Anne Katrine Borgbjerg, doktorsnemi í hagfræði við háskólann í Árósum, heldur fyrirlestur um áhrif lífeyrisauðs á vinnumarkaðsþátttöku – Lífeyrisréttindi og eftirlaunaaldur.
Fyrirlesturinn fer fram í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands 28. maí



Kynningar- og samráðsfundur LL



Kynningar- og samráðsfundur
GRAND HÓTEL
14. OKTÓBER 2025

LL stóðu fyrir kynningar- og samráðsfundi sem haldinn var á Grand hótél þar sem farið var yfir fjölbreytt málefni. Kynntar voru nýlegar niðurstöður viðhorfskennunar Maskínu, álitserð um fyrningu lífeyrisréttinda og rannsókn á lífsgörum eldra fólks. Jafnframt var kynning á helstu efnisþáttum úr riti Seðlabanka Íslands, Fjármálastöðugleiki 2025/2.

[Skoða frétt](#)



Fréttabréf

Á árinu voru send út 13 fréttabréf sem náðu til um fjögur þúsund áskrifenda. Með útsendingu þeirra er vakin athygli á greinum, ráðstefnum, fyrirlestrum og öðrum viðburðum sem kunna að höfða til þeirra sem hafa áhuga á lífeyrismálum. Einnig eru sendar út fréttir sem fjalla um hagtölur lífeyrissjóða, þar á meðal eignir þeirra og þróun ávöxtunar.

LÍFEYRISGÁTTIN SPURT OG SVARAD LÍFEYRISJÓÐIRNIR LL



Mercer CFA Institute
Global Pension Index 2025

Íslenska lífeyrskerfið var í öðru sæti, á eftir Hollandi, í alþjóðlegum samanburði. Mercer lífeyrissjóðarnar ein þar eru lífeyrskerti í 52 ríkjum borin saman.

	Holland A-einkunn Stig: 85,4
	Ísland A-einkunn Stig: 84,0
	Danmörk A-einkunn Stig: 82,3

Íslenska lífeyrissjóðakerfið fremst í flokki fimmta árið í röð

Ísland tók þátt í fimmta sinn í alþjóðlegri lífeyrissjóðu Mercer-CFA Institute þar sem gerður er samanburður á milli lífeyriskerfa 52 landa. Ísland fékk A einkunn ásamt Hollandi, Danmörku, Singapore og Israel.

[Skoðu frétt](#)



Lífeyrismál.is
UPPLYSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL



Jákvæð raunávöxtun lífeyrissjóða árið 2025

Samkvæmt bráðabirgðatölum Landssamtaka lífeyrissjóða var raunávöxtun bæði í samtryggingu og séreign jákvæð um 2,6% árið 2025.

[Skoðu frétt](#)

LÍFEYRISGÁTTIN SPURT OG SVARAD LÍFEYRISJÓÐIRNIR LL



Lífeyrismál.is
UPPLYSINGAVEFUR UM LÍFEYRISMÁL



Lífsverk og Almenni lífeyrissjóðurinn sameinast

Tveir öflugir lífeyrissjóðir, Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífsverk, hafa nú samþykkt að sameinast. Sameiningin var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta sjóðfélaga beggja sjóða og markar mikilvægt skref í átt að enn sterkari og skilvirkari rekstri til hagsbóta fyrir sjóðfélaga.

[Skoðu frétt](#)





Samfélagsmiðlar

LL nýttu samfélagsmiðla, Instagram og Facebook, til að vekja athygli á málefnum tengdum lífeyriskerfinu. Þetta er öflug leið til að ná til fjölda fólks og auka með því þekkingu almennings á lífeyrismálum. Í apríl sl. var farið í herferð þar sem Lífeyrisgáttin var kynnt og fólk hvatt til að kynna sér sín réttindi hjá lífeyrissjóðunum. Auglýsingarnar náðu til um 68.000 einstaklinga og voru sýndar samtals 206.000 sinnum. Alls smelltu 2.678 manns á auglýsingarnar og fóru beint inn á heimasíðu LL.

VEISTU HVER ÞINN LÍFEYRIR VERÐUR?

NÁLGASTU RÉTTINDI ÞÍN HJÁ LÍFEYRISSJÓÐUM Í GEGNUM LÍFEYRISGÁTTINA.

SKRÁÐU ÞIG INN Á MÍNAR SÍÐUR HJÁ ÞÍNUM LÍFEYRISSJÓÐI.

FARÐU INN Á LÍFEYRISGÁTTINA EÐA HAKAÐU VIÐ AÐ SÆKJA RÉTTINDI HJÁ ÖLLUM SJÓÐUM TIL AÐ SJÁ HVAÐA RÉTTINDI ÞÚ ÁTT Í SAMTRYGGINGU.



SKREF 1

SKRÁÐU ÞIG INN Á MÍNAR SÍÐUR HJÁ ÞÍNUM LÍFEYRISSJÓÐI



SKREF 2

SKOÐAÐU ÞÍN RÉTTINDI Í SAMTRYGGINGU

MEÐ ÞVÍ AÐ FARA INN Á LÍFEYRISGÁTTINA SEM SÆKIR RÉTTINDI HJÁ ÖÐRUM SJÓÐUM



SKREF 3

UPPLÝSINGARNAR SEM BIRTAST SÝNA HVAÐA RÉTTINDI ÞÚ ÁTT Í DAG Í SAMTRYGGINGU



Viðhorfskönnun á vegum Maskínu


Viðhorfskönnun á trausti til lífeyrissjóða var unnin af Maskínu í ágúst 2025. Slíkar kannanir hafa verið gerðar reglulega frá árinu 2016. Markmiðið með þessum könnunum er að fylgjast á hverjum tíma með viðhorfum og þekkingu almennings á lífeyrissjóðum ásamt þjónustu þeirra. Niðurstöðurnar sýndu að traust til lífeyrissjóða

hefur farið vaxandi á undanförunum árum og mældist 3,11 af 5 árið 2025, samanborið við 2,34 árið 2016. Flestir svarendur, eða 89%, sögðust vita í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða. Um 55% höfðu farið inn á sjóðfélagavef hjá sínum lífeyrissjóði en aðeins 35% á Lífeyrisgáttina. Þekking á því að ellilífeyrir frá lífeyrissjóðum skerðist ekki vegna annarra tekna,

svo sem frá Tryggingastofnun, reyndist takmörkuð, þar sem tæplega helmingur svarenda vissi það.

Niðurstöðurnar benda til þess að þrátt fyrir aukið traust sé áfram þörf á að efla fræðslu og auka skilning almennings á lífeyrismálum.

Traust til Lífeyrissjóða



SAMSTAÐA UM BREYTINGAR Á FJÁRFESTINGARHEIMILDUM

Landssamtök lífeyrissjóða efndu í samvinnu við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabankann til málstofu sem haldin var 4. desember 2025 á Hilton Reykjavík Nordica þar sem fjallað var um fyrirhugaðar breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Málstofan var liður í samráði og undirbúningi vegna væntanlegs stjórnarfrumvarps um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Komu fulltrúar samskipta-, fræðslu- og áhættunefndar LL að málstofunni fyrir hönd LL.

Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, setti málþingið og fjallaði um fyrirhugað lagafrumvarp til breytingar á fjárfestingarheimildunum. Af máli Daða var ljóst að hugmyndin væri að auka vægi svonefndrar skynsemisreglu, þar sem áhersla er lögð á að laga eignasafnið að áhættusniði hvers sjóðs, en draga úr vægi magntakmarkana. Vildi Daði hafa gott samstarf við hagsmunaaðila við þá útfærslu.

Eftir málstofuna fjölluðu nokkrir fjölmiðlar um greiningu Daða á kaupum lífeyrissjóðanna á

ríkisskuldabréfum. Tók ráðherrann fram að hann kynni ágætlega við að lífeyrissjóðir sæktu í skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs, sem skilaði sér í lækkun kröfu, en auðvitað væri það þannig að með umfangsmikilli fjárfestingu í ríkisskuldabréfum væru lífeyrissjóðir að fjármagna neyslu nútíðar fremur en verðmætasköpun framtíðar. „Sjóðsöfnunarkerfið breytist auðvitað ekki í gegnumstreymiskerfi með umfangsmikilli fjárfestingu í skuldabréfum ríkissjóðs en frá þjóðhagslegu sjónarmiði verður kerfið eðlislíkt gegnumstreymiskerfi að því leyti að sjóðirnir veðja á innlandan hagvöxt án þess að styðja við hann,“ sagði Daði, og bætti við að hann teldi líklegt að hlutdeild ríkisskuldabréfa í eigu lífeyrissjóða væri í efri mörkum. Ekki væri augljóst að reglur um fjárfestingar sjóðanna ættu að beina lífeyrissparnaði í ríkisskuldabréf umfram aðra kosti, líkt og magntakmarkanir gerðu nú að einhverju leyti.

Samstaða frummælenda

Þrír höfðu framsögu á málstofunni: Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, Rebekka Ólafsdóttir, áhættustjóri

hjá Gildi-lífeyrissjóði og formaður áhættunefndar LL, og Gunnar Ingólfsson, sérfræðingur í Seðlabankanum.

Rebekka hóf erindi sitt á að varpa fram spurningu: Eru magnbundnar takmarkanir sjálfkrafa skynsammar? Hún svaraði sjálf með því að benda á að núverandi rammi magnbundinna takmarka sneri meira að formi fjárfestinga en efni þeirra, eðli og undirliggjandi áhættu. Of mikil áhersla á magnbundnar takmarkanir kynni beinlínis að hamla beitingu skynsemisreglunnar, enda væru takmarkanirnar óháðar áhættusniði lífeyrissjóða og margar þeirra jafnvel óháðar stærð, áhættu og eðli fjárfestingar. Mikill ávinningur væri af því að byggja í meira mæli á skynsemisreglunni, sem ýtti undir áhættuvitund og möguleikum lífeyrissjóða til að laga eignasafnið að sínu áhættusniði.

Tómas benti á að þótt skynsemisreglan hefði verið lögfest árið 2016 gætu víðtækar magntakmarkanir „truflað fókus á skynsemisregluna, skilvirka eignastýringu og eðlilega þróun eignasafna og fjárfestingarkosta.“



Tómas sagði þó að ef dregið yrði verulega úr vægi magntakmarkana yrði engin umbýlting í eignasöfnum lífeyrissjóða. Svigrúm lífeyrissjóða til að móta fjárfestingarstefnu og áhættustýringu yrði alls ekki ótakmarkað en breytingin myndi auka skyldur sjóðanna varðandi framkvæmd fjárfestingarstefnu og áhættustýringu.

Tómas vísaði einnig til þess að framkvæmdastjórn ESB hefði þá nýlega kynnt breyttar áherslur fyrir fjárfestingarstarfsemi starfstengdra lífeyrissjóða. Þar yrði skynsemissreglan „áhættumiðuð grunnregla“, sjálfbærni skyldupáttur og landsbundnum magntakmörkunum fækkaði verulega. Þessar breytingar Evrópusambandsins gætu verið fyrirmynd breytinga á Íslandi.

Gunnar útskýrði með almennum hætti samspil magnbundinna takmarkana og skynsemissreglu. Sagði hann skynsemissregluna nú þegar taka á ýmsum þáttum magntakmarkana og að

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn legði til að fækka „girðingum“ í fjárfestingum lífeyrissjóða og byggja frekar á skynsemissreglunni. Þannig megi auka sveigjanleika og gera sjóðunum kleift að móta fjárfestingarstefnu í samræmi við hagsmuni sjóðfélaga til að skila sem bestum árangri til lengri tíma.

Öll vötn falla til Dýrafjarðar

Í pallborði sátu Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs og formaður nefndar LL um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, Svandís Rún Ríkarðsdóttir, sviðsstjóri eignastýringar hjá Brú lífeyrissjóði, Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits og Tómas Brynjólfsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika.

Tinna Finnbogadóttir, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneytinu stýrði umræðunni og hóf hana með þeirri athugasemd að öll vötn féllu til

Dýrafjarðar í þessu máli: ráðherra, lífeyrissjóðirnir og eftirlitið væru sammála um að færa ætti eignastýringu lífeyrissjóða frá magnbundnum takmörkunum í átt að aukinni áherslu á skynsemissregluna.

Gunnar Baldvinsson sagði frá því hvernig eignastýringu hefði verið háttað fyrir setningu laga nr. 129/1997. Þá sagði Ólafur frá því hvernig enska hugtakið „prudent person principle“ hefði verið þýtt sem skynsemissreglan frekar en varfærnisreglan við breytingu á lögum árið 2016.

Þátttakendur svöruðu síðan spurningum fundargesta, m.a. um hvernig eftirliti með fjárfestingum yrði háttað, fasteignalán og samanburð við fjárfestingar váttryggingarfélaga.

Fundarstjórn var í höndum Guðrúnar Þorleifsdóttur, skrifstofustjóra fjármálamarkaða hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu.





FJÁRFESTINGARHEIMILDIR LÍFEYRISJÓÐA

Hver er æskileg umgjörð fyrir fjárfestingar lífeyrissjóða?

Málstofa haldin í samstarfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, Landsamtaka lífeyrissjóða (LL) og Seðlabanka Íslands og er ætluð sem liður í samráði um undirbúning lagafrumvarps.

Talsvert hefur verið rætt um nauðsyn þess að endurskoða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Núverandi lagaumgjörð byggist á skynsemsreglum og á sama tíma fjölda magnbundinna takmarkana. Á þingmálaskrá vefstjórnarinnar er gert ráð fyrir því að lagt verði fram lagafrumvarp í mars 2026 til braytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrissjóða og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (fjárfestingarheimildir o.fl.). Til að vel tæki til er mikilvægt að haft verði viðtækt samráð við haghafa, s.s. aðila vinnumarkaðarins og helstu sérfræðinga lífeyrissjóðakerfisins.

Stund: Fimmtudagur 4. desember 2025, kl. 9:00-11:00.

Húsið opnar kl. 8:30 með morgunkaffi.

Staður: Hilton Reykjavík Nordica

[Skrá mig á fundinn](#)

DAGSKRÁ

Kl. 9:00 Setning málstofu:
Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra

ERINDI:

- 9:16 Aukið vægi skynsemsreglna í stað magnbundinna takmarkana**
Tómas N. Möller, yfirlögfræðingur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og fulltrúi í nefnd LL um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða
- 9:30 Hvað er skynsemi?**
Rebekka Ólafadóttir, áhættustjóri hjá Gildi-lífeyrissjóði og formaður áhættunefndar LL
- 9:45 Skynsemsreglan út frá sjónarhorni fjármálaeftirlits**
Gunnar Ingólfsson, áhættusérfræðingur í varðbærefirliti Seðlabanka Íslands
- 10:00 Pallborð**
 - Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins
 - Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs og formaður nefndar LL um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða
 - Björk Sigurgísladóttir, varasæðlabankastjóri fjármálaeftirlits
 - Tómas Brynjólfsson, varasæðlabankastjóri fjármálaeftirlits
 - Svandís Rún Ríkardóttir, sviðastjóri eignarstýringarsviðs hjá Brú lífeyrissjóði og í nefnd LL um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða
- Umræðustjóri:** Tinna Finnbogadóttir, fjármálhagfræðingur og sendifulltrúi í Brussel
- 10:45 Samantekt og næstu skref**
- 11:00 Málstofu lokið**

Fundarstjóri: Guðrún Þorleifsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu fjármálamarkaðar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu



Nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða (NUFL)

Almennt hlutverk:

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er viðkoma fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.
- Vera faglegur álitsgjafi stjórnar er varðar fjárfestingarumhverfi og styðja með þeim hætti formleg samskipti við haghafa, einkum stjórnvöld.

Áhersluverkefni 2025-2026:

- Stjórn LL fól skrifstofu LL að setja á laggirnar vinnuhóp með fulltrúum NUFL og áhættunefndar sem fengi það verkefni að útbúa samantekt um þær magnbundnu takmarkanir sem gilda um fjárfestingar lífeyrissjóða sem brýnt þykir að breyta. Jafnframt yrði hópnum falið að leggja mat á kosti og galla þess að draga úr vægi magnbundinna takmarkana og auka að sama skapi áherslu á skynsemisreglur.

- Í tengslum við ofangreint verkefni var nefndinni falið í samstarfi við áhættunefnd, fræðslunefnd og samskiptanefnd að skipuleggja málstofu þar sem varpað yrði ljósi á mikilvægi þess að aðlaga heimildir lífeyrissjóða til fjárfestinga sem best að hagsmunum sjóðfélaga sinna.
- Fylgjast með sjálfbærniþróun í fjárfestingarumhverfi sjóðanna. Eiga samstarf við fulltrúa áhættunefndar og hina ýmsu haghafa til að stuðla að samræmdri upplýsingagjöf um losun fyrirtækja og eftir atvikum hafa áhrif á þróun málaflokksins.

Nefndina skipa:

Ólafur Sigurðsson, formaður, Birtu lífeyrissjóði
Andri Stefán Guðrúnarson, SL lífeyrissjóði
Arne Vagn Olsen, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Baldur Snorrason, Festu lífeyrissjóði
Guðmundur T. Ragnarsson, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga
Guðrún Inga Ingólfssdóttir, Almenna – Lífsverk lífeyrissjóði
Halla Kristjánsdóttir, LSR
Helga Indriðadóttir, Almenna – Lífsverk lífeyrissjóði
Jakob Tryggvason, Birtu lífeyrissjóði
Jóhann Steinar Jóhannsson, Stapa lífeyrissjóði
Jón L. Árnason, Almenna – Lífsverk lífeyrissjóði
Jón Otti Jónsson, SL lífeyrissjóði
Ólafur Frímann Gunnarsson, Íslenska lífeyrissjóðnum
Ólafur Örn Jónsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga
Rósa Björgvinsdóttir, Gildi – lífeyrissjóði
Soffía Gunnarsdóttir, Birtu lífeyrissjóði
Svandís Rún Ríkarðsdóttir, Brú lífeyrissjóði
Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna



Nefndin fundar mánaðarlega og oftast ef tilefni er til. Á starfsárinu hafa mörg og umfangsmikil mál verið til umfjöllunar hjá nefndinni.

Magnbundnar takmarkanir og skynsemisreglur

Í upphafi starfsárs var stofnaður vinnuhópur á vegum LL sem samanstóð af fulltrúum úr NUFL og fulltrúum úr áhættunefnd. Verkefni hópsins var að rýna kosti og galla þess að afnema/draga úr magnbundnum takmörkunum í fjárfestingum lífeyrissjóða. Var lögð áhersla á að málið yrði unnið hratt þar sem í þingmálaskrá var gert ráð fyrir að frumvarp yrði lagt fram á Alþingi í mars 2026.

Að mati hópsins snýr gildandi rammi magnbundinna takmarkana í lögum um lífeyrissjóði í mörgum tilvikum fremur að formi fjárfestinga en efni og eðli þeirra og undirliggjandi áhættu. Þær gilda jafnt fyrir alla lífeyrissjóði, óháð stærð, lengd skuldbindinga og áhættusniði sjóðs. Of mikil áhersla á magnbundnar takmarkanir kann að hamlar notkun skynsemisreglunnar og lagði hópurinn því til breytingar í þeim tilgangi að auka vægi hennar við eign- og áhættustýringu lífeyrissjóða. Breytingunum var ætlað að auka frelsi lífeyrissjóða til að stjórna hvernig eignasafn sjóðanna er samsett til að ná fram ávöxtunarmarkmiðum sínum með skilvirkum hætti.

Hópurinn skipa:

Arne Vagn Olsen, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Gunnar Þór Ásgeirsson, Gildi - lífeyrissjóði
Halla Kristjánsdóttir, LSR
Helga Indriðadóttir, Almenna – Lífsverk lífeyrissjóði
Ólafur Sigurðsson, Birtu lífeyrissjóði
Rebekka Ólafsdóttir, Gildi – lífeyrissjóði
Soffía Gunnarsdóttir, Birtu lífeyrissjóði
Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Valgeir Geirsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ



Málstofa um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða

Hinn 4. desember 2025 hélt LL, í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið og Seðlabanka Íslands, málstofu á Hilton Reykjavík Nordica. Þar voru fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða ræddar, einkum hvort magnbundnar takmarkanir væru að hindra beitingu svonefndrar skynsemissreglu. Tómas N. Möller nefndarmaður var með erindi og Ólafur Sigurðsson, formaður, var í pallborði. Var málstofan ætluð sem liður í samráði um undirbúning lagafrumvarps. Sjá nánari umfjöllun á [bls. 37](#).

Umsagnir um lagafrumvörp, þingsályktunartillögur o.fl.

Fulltrúar nefndarinnar hafa reglulega komið að gerð umsagna um lagafrumvörp og þingsályktunartillögur sem LL senda frá sér. Hefur það reynst afar gagnlegt fyrir LL að geta leitað til fulltrúa nefndarinnar sem koma á framfæri ábendingum og athugasemdum sem byggðar eru á sérþekkingu þeirra. Þá hafa nefndarmenn einnig mætt sem fulltrúar LL á fundi með stjórnvöldum og eftirlitsaðilum.

Á þessu starfsári ber helst að nefna aðkomu nefndarinnar að umsögnum um lagafrumvörp til breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða og að umsögnum um fyrirhugað innviðafélag ríkisins.

Í báðum tilvikum komu fulltrúar nefndarinnar með gagnlegar ábendingar sem skiluðu sér í umsagnir LL. Þá luku fulltrúar nefndarinnar starfsárinu með umsögn um innleiðingu SRDII, sem snýr einkum að réttindum minnihlutaeigenda.

Þátttaka í umræðu o.fl.

Margir nefndarmenn hafa lagt sitt af mörkum til opinberrar umræðu með greinaskrifum, mætt í viðtalsþætti, verið þátttakendur í pallborðsumræðum og haldið erindi á ráðstefnum þar sem fjárfestingarumhverfi sjóðanna hefur verið til umfjöllunar.

Á Innviðapingi sem haldið var 28. ágúst hélt Ólafur Sigurðsson, formaður nefndarinnar, erindi undir yfirskriftinni *Fjárfestingar lífeyrissjóða í innviðum*.

Kauphöllin og SFF héldu ráðstefnu í Hörpu undir yfirskriftinni *Leiðir til að efla hlutabréfamarkaðinn* og var Ólafur Sigurðsson meðal þátttakenda.

Þá tók Ólafur þátt í pallborðsumræðum á fjármálaeftirlitsdegi Seðlabanka Íslands sem fram fór 19. mars 2026. Ásamt honum voru í pallborði Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri, Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Hermann Björnsson, forstjóri

Sjóvár og Lilja B. Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans.

LL hafa sem fyrr haft greiðan aðgang að sérfræðingum fastanefnda LL m.a. þegar fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og alþjóðlegra matsfyrirtækja (Fitch, S&P, Moody's) hafa óskað eftir fundum með fulltrúum lífeyrissjóða. Er það mikill styrkur fyrir starfsemi LL að geta leitað til sérfræðinga nefndarinnar þegar á hefur reynt.





Pallborð á fjármálaeftirlitsdegi Seðlabankans. Björk Sigurgísladóttir, varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits, Ásgeir Jónsson, seðlabankastjóri, Lilja B. Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, Hermann Björnsson, forstjóri Sjóvárs og Gísli Óttarsson, framkvæmdastjóri varúðareftirlits Seðlabanka Íslands.



Ólafur Sigurðsson.



Guðrún Inga Ingólfssdóttir, Soffía Gunnarsdóttir, Halla Kristjánsdóttir og Helga Indriðadóttir.



Sendiráðunautar ESB áhugasamir um íslenska lífeyrissjóði

Hinn 23. október 2025 héldu LL móttöku fyrir sendiráðunauta Evrópusambandsins á fjármálamarkaði þar sem íslenska lífeyrissjóðakerfið var kynnt.

Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, tók fyrst til máls og bauð gesti velkomna.

Þá tók við Snædís Ögn Flosadóttir, forstöðumaður sölu og þjónustu fagfjárfesta hjá Arion banka

og fyrrum formaður fræðslunefndar LL. Kynnti hún íslenska lífeyrissjóðakerfið fyrir fulltrúum Evrópusambandsins með almennum hætti. Fór Snædís yfir sögu kerfisins og helstu hagstærðir. Guðrún Inga Ingólfssdóttir, forstöðumaður eignastýringar hjá Lífsverki lífeyrissjóði, sagði þá frá helstu atriðum fjárfestingar- og áhættustefnu íslensku lífeyrissjóðanna. Loks fjallaði Stefán Halldórsson, verkefnastjóri LL, um íslenska lífeyrissjóðakerfið í alþjóðlegu samhengi.

Már Guðmundsson, fyrrverandi seðlabankastjóri Seðlabanka Íslands, var einnig í pallborði.

Unnur Gunnarsdóttir, fyrrverandi varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands, sá um fundarstjórn.

Fundurinn þótti takast afar vel og er óhætt að fullyrða að íslenska lífeyrissjóðakerfið hafi vakið mikinn áhuga fundargesta.



RÉTTINDANEFND



Almennt hlutverk:

- Huga að málefnum sem varða réttindi sjóðfélaga.
- Stuðla að samræmdum reglum og vinnulagi milli lífeyrissjóða þar sem þess gerist þörf, svo sem með því að setja leiðbeinandi reglur.

Áhersluverkefni 2025-2026:

- Stjórn LL hefur falið skrifstofu LL að setja á laggirnar vinnuhóp til að yfirfara og setja fram tillögur er viðkoma víxlverkun á örorkugreiðslum lífeyrissjóða og almannatrygginga. Hafa fulltrúar

samskiptanefndar fengið það verkefni að leggja fram tillögur að því hvernig æskilegt sé að koma skilaboðum á framfæri við ráðamenn og almenning sem liðkað geta fyrir varanlegri lausn á málinu. Við þessa vinnu verður eftir atvikum leitað til nefndarmanna eftir faglegri ráðgjöf.

- Rýna þarfir lífeyrissjóða fyrir gagnasamskipti við aðrar stofnanir í gegnum Strauminn. Verkefnið tengist samskiptum sjóðanna við ytri stofnanir og sín á milli.
- Kortleggja mál sem varða réttindi aðila sem búa erlendis og eiga réttindi hér

á landi og gera aðgerðaáætlun út frá niðurstöðum. Verkefnið er unnið í samstarfi við áhættunefnd.

- Upplýsingar til sjóðfélaga/uppfærsla á Lífeyrisgáttinni. Seðlabanki Íslands hefur óskað eftir samstarfi við LL við rýni á því hvað betur mætti fara við upplýsingagjöf um réttindi til sjóðfélaga. Því þarf að rýna hvaða upplýsingar sjóðfélagar ættu einkum að fá um réttindaávinnslu sína. Verkefni þetta hefur samlegðaráhrif við uppfærslu á Lífeyrisgáttinni og verður leitað ráðgjafar nefndarmanna eftir því sem verkefnið þróast.



Nefndina skipa:

Jóna Finndís Jónsdóttir, formaður, Stapa lífeyrissjóði

Aníta Óðinsdóttir, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja

Ágústa Hrönn Gísladóttir, Gildi – lífeyrissjóði

Ásta M. Þórhallsdóttir, Íslenska lífeyrissjóðnum

Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ

Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði

Gauti Jónasson, Festu lífeyrissjóði

Gunnar Þór Ásgeirsson, Gildi – lífeyrissjóði

Hafey Pétursdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ

Helgi Pétur Magnússon, Almenna – Lífsverk lífeyrissjóði

Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði

Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Oliver Ómarsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða

Sigríður Ómarsdóttir, Almenna – Lífsverk lífeyrissjóði

Sigbrúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Þorbjörg Kristinsdóttir, SL lífeyrissjóði

Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði

Réttindanefnd hefur á árinu fjallað um fjölbreytt málefni. Á vettvangi nefndarinnar eru rædd mál sem snúa að þróun réttindakerfisins og tengslum þess við almannatryggingar. Á vegum réttindanefndar starfar fjöldi undirhópa og hefur fundum nefndarinnar verið fækkað þannig að þeir nýtast nú fyrst og fremst sem yfirlitsfundir þar sem vinnuhópar gera grein fyrir stöðu verkefna og næstu skrefum. Á starfsárinu hélt nefndin fimm hefðbundna fundi auk tveggja kynningarfunda sem tengdust breytingum á örorkulífeyri almannatrygginga og mögulegum breytingum á örorkulífeyriskerfi lífeyrissjóðanna.

Helstu verkefni nefndarinnar á árinu voru:

Víxlverkun á örorkugreiðslum lífeyrissjóða og almannatrygginga

Vinnuhópur á vegum LL vann á haustmánuðum að útfærslu breytinga á víxlverkun almannatrygginga og lífeyrisgreiðslna frá lífeyrissjóðum.

Megintilgangur breytinganna var þrenns konar: Í fyrsta lagi að koma í veg fyrir víxlverkun, þar sem greiðslur almannatrygginga hafa áhrif á greiðslur úr lífeyrissjóðum og öfugt. Í öðru lagi að draga úr mismunun milli lífeyrissjóða hvað varðar eftirlaunaréttindi, en nú veldur ólík örorkubyrði eftir starfsstéttum mismuni á getu lífeyrissjóða til greiðslu eftirlauna. Í þriðja lagi ætti einfaldara kerfi að geta gripið fyrir og markvissar inn í, þegar sjóðfélagar verða fyrir orkutapi. Slíkt myndi flýta endurhæfingu og gera hana árangursríkari.

Hópurinn vann að útfærslu á tveimur mögulegum leiðum, annars vegar að TR hætti að taka tillit til greiðslna frá lífeyrissjóðum en lífeyrissjóðir tækju fullt tillit til greiðslna TR, hins vegar að örorkulífeyrisgreiðslur yrðu aðgreindar frá eftirlaunaréttindum.


Er nú markvisst unnið að því að finna málinu lausn og hefur Gylfa Jónu Arnbjarnarsyni verið falið að stýra því umfangsmikla verkefni.

Hópin skipa:

Anna Björk Sigurðardóttir, LSR
Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi – lífeyrissjóði
Ásta M. Þórhallsdóttir, Íslenska lífeyrissjóðnum
Gylfi Jónasson, Festu lífeyrissjóði
Helgi Freyr Ásgeirsson, LSR
Hrafn Úlfarsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði
Katrín Sigmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA,
Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ
Oliver Ómarsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ragnheiður Haraldsdóttir, Brú lífeyrissjóði
Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði



Lífeyrir frá lífeyrissjóðum og TR
Árið 2024



Gagnasamskipti í gegnum Strauminn

Lífeyrissjóðirnir eru aðilar að Straumnum, sem er íslenska innleiðingin á tæknilausninni X-Road, öruggu gagnaflutnings- og samskiptakerfi sem gerir opinberum aðilum kleift að miðla gögnum á milli kerfa á öruggan, rekjanlegan og staðlaðan hátt. Straumurinn hefur verið tengdur upplýsingakerfum lífeyrissjóða en áfram er unnið að umbótum í samvinnu við TR. Mikill fengur er í því að hafa fulltrúa tæknimanna og sérfræðinga á lífeyrissviði í verkefni sem þessu en eftirspurn er eftir lausnum sem auka sjálfsvirknivæðingu og öruggeri gagnasamskipti. Vinnuhópur er starfandi sem hefur það verkefni að rýna og meta hvernig þróun skuli háttað og meta hvar helstu þarfir lífeyrissjóðanna liggja í gagnasamskiptum.

Hluti hópsins hitti starfsmenn og stjórnendur TR á gagnlegum fundi þar sem aðilar fóru yfir hvernig hægt væri að nýta Strauminn betur í samskiptum TR og sjóðanna.

Hópin skipa:

Ágústa Hrönn Gísladóttir, formaður, Gildi-lífeyrissjóði
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum,
EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga
Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Þórey S. Þórðardóttir, LL
Helga Rún Guðjónsdóttir, LL

Tæknifulltrúar:

Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum,
EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga
Guðmundur Sæmundsson, Fuglum hugbúnaðarhúsi
Ólafur Hrafn Nielsen, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ómar Þór Ómarsson, LSR
Óskar Ármannsson, Reiknistofu lífeyrissjóða
Ragnheiður Jónasdóttir, Brú lífeyrissjóði

Lífeyrissjóðirnir hafa undanfarin ár sent gögn á milli með öruggum hætti í gegnum Signet gagnagátt Advania. Signet Transfer hópur hefur séð um að samræma verklag við sendingar milli sjóða ásamt því að koma að þróun gagnagáttarinnar.

Hópin skipa:

Sigrún Þ. Björnsdóttir, Birtu lífeyrissjóði
Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Ágústa Hrönn Gísladóttir, Gildi-lífeyrissjóði
Jenný Ýr Jóhannsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ragnheiður Pétursdóttir, Birtu lífeyrissjóði
Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði




Erlendir sjóðfélagar, kortlagning og aðgerðaáætlanir


Erlendum sjóðfélögum hefur fjölgað töluvert og samhliða því fjölgar Íslendingum sem flytja erlendis til lengri eða skemmri tíma. Innan LL er vinnuhópur sem hittist reglulega og ræðir helstu mál sem snúa að þessum sjóðfélögum. Hópurinn hefur unnið að því að rýna hvernig tryggja megi góða og skilvirka þjónustu við alla sjóðfélaga, óháð búsetu og uppruna. Innan hópsins er sameiginlegur vinnuhópur réttinda- og áhættunefndar sem

hefur m.a. fylgst með tæknilegri þróun hvað varðar auðkenningu erlendra sjóðfélaga með rafrænum skilríkjum. Fékk hópurinn kynningu frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Auðkenni um vinnu sem er í gangi milli Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna þar sem stefnt er að því að rafræn skilríki virki á milli landa. Mikil hagræðing væri í því að erlendir aðilar geti með öruggum og fljótvirkum hætti auðkennt sig hjá sjóðunum. Þá hefur hópurinn einnig beitt sér fyrir því að Þjóðskrá taki upp það verklag að skrá erlendar kennitölur einstaklinga samhliða útgáfu á íslenskri kennitölu.

Hópurinn skipa:

Hafey Pétursdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA,
Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ
Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði
Sigbrúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði
Ásta M. Þórhallsdóttir, Íslenska lífeyrissjóðnum
Vilborg Guðnadóttir, LL
Helga Rún Guðjónsdóttir, LL





Lífeyrisgáttin, uppfærsla

Vinna við að uppfæra Lífeyrisgáttina er í fullum gangi og fengu LL Sigurð Hjalta Kristjánsson hjá Intenta til að annast verkefnastjórn. Hafa bæði notenda- og tæknihópar komið að þessari vinnu og er markmið uppfærslunnar að sjóðfélagi geti fengið upplýsingar um lífeyrisréttindi sín á einum stað, bæði samtryggingu og séreign.

Notendahópur:

- Anna Björk Sigurðardóttir, LSR*
- Ágústa Hrönn Gísladóttir, Gildi-Lífeyrissjóði*
- Hafey Pétursdóttir, Frjálsa Lífeyrissjóðunum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga*
- Helga Rún Guðjónsdóttir, LL*
- Elísa María Oddsdóttir, Festu Lífeyrissjóði*
- Jakob Tryggvason, Birtu Lífeyrissjóði og LL*
- Jenný Ýr Jóhannsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna*
- Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði*
- Ragnar Leví Guðmundsson, SL lífeyrissjóði*
- Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði*
- Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna – Lífsverk lífeyrissjóði*

Tæknihópur:

Axel Viðar Santos, Festu lífeyrissjóði
Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum,
EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga
Björn Huldar Björnsson, Devon
Elín Hrund Búadóttir, LSR
Haraldur Arason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ragnar Ingimundarson, Reiknistofu lífeyrissjóða

Lögfræðiálit varðandi fyrningu lífeyrisréttinda

LL aflaði álags Víðis Smára Petersen, prófessors við lagadeild Háskóla Íslands, á því við hvaða tímamark bæri að miða upphaf fyrningar réttinda í samtryggingardeild lífeyrissjóða og hvort og þá að hvaða marki séreignarlífeyrissparnaður rétthafa sem verður til á grundvelli laga nr. 129/1997 fyrnist og hvaða áhrif andlát rétthafa hafi fyrir erfingja rétthafa með tilliti til fyrningar.

Víðir skilaði ítarlegri álagsgerð um spurningarnar. Niðurstöður hans voru í meginatriðum þær að skýra beri 2. málsl. 6. gr. fyrningarlaga í tilviki lífeyrisréttinda þannig að fyrningarfrestur sameignarréttinda hefjist þegar kröfuhafi gat í síðasta lagi gert kröfu um fyrstu greiðslu lífeyris samkvæmt lögum eða samþykktum viðkomandi lífeyrissjóðs. Staðan væri óljósari varðandi

séreignarréttindi eins og skýrt er nánar í álagsgerð Víðis. Þá var það niðurstaða Víðis að fullt tilefni væri til að skýra réttarstöðuna með lagabreytingu.

Skipting ellilífeyrisréttinda milli hjóna

Til athugunar hefur verið hvort tilefni sé til breytinga á hjúskaparlöggjöfinni er varðar skiptingu lífeyrisréttinda við hjúskaparslit. Hrefna Friðriksdóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, er formaður sifjalagnefndar og hefur nefndin verið með málið til skoðunar.

Á Lagadeginum sem haldinn var í október bar ein málstofan yfirskriftina *Af vettvangi fjölskylduréttar*. Þar hélt Hrefna erindi þar sem velt var upp spurningunni „Er sanngjarn að halda lífeyrisréttindum hjóna utan fjárskipta?“ Endurtók Hrefna erindi sitt fyrir fulltrúa réttinda- og fræðslunefndar á fundi sem haldinn var 27. október. Málefnið varðar ekki aðeins hjúskaparlöggjöfina heldur einnig lífeyrissjóðalöggjöfina. Hafa gagnleg skoðanaskipti farið fram þar sem leitað hefur verið til sérfræðinga innan lífeyrissjóðakerfisins og hugmyndir að lagabreytingum verið ræddar.



Hrefna Friðriksdóttir, Þórey S. Þórðardóttir og Sigurður G. Guðjónsson.

Hópur um upplýsingagjöf til sjóðfélaga

Starfshópur SÍ og LL var stofnaður í kjölfar ábendinga úr Financial Sector Assessment Program (FSAP) Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um að bæta mætti upplýsingagjöf til sjóðfélaga. Starfshópurinn er enn að störfum og hefur hist reglulega á starfsárinu.

Fulltrúar LL:

Helga Sveinbjörnsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, LSBÍ og Lífeyrissjóði Rangæinga
Hildur Hörn Daðadóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Jakob Tryggvason, Birtu lífeyrissjóði
Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna – Lífsverki lífeyrissjóði

Fulltrúi Seðlabankans:

Björn Z. Ásgrímsson

Persónuverndarmál

Persónuverndarhópur á vegum LL kemur saman eftir þörfum og fer yfir mál er varða gögn frá lífeyrissjóðum og skilyrði sem þarf að uppfylla við afhendingu gagna. Hópurinn hefur m.a. verið til taks varðandi rýni á miðlun gagna um örorkulífeyrisþega vegna skoðunar á áhrifum breytinga sem gengu út frá því að lífeyrissjóðir ættu ekki að taka tillit til greiðslna TR við tekjueftirlit.

Hópurinn skipa:

Rebekka Ólafsdóttir, formaður, Gildi-lífeyrissjóði
Einar Ingimundarson, Stapa lífeyrissjóði
Helgi Pétur Magnússon, Almenna - Lífsverk lífeyrissjóði
Oliver Ómarsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, LSR

Örorkuumsóknir og Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða

Vinnuhópur innan LL er til staðar ef upp koma málefni tengd örorkuumsóknum. Hópurinn lagði til að Samkomulag um samskipti lífeyrissjóða yrði uppfært á þann veg að úrskurðarsjóður myndi umreikna erlendar tekjur umsækjanda og senda með umsókn til annarra sjóða. Í kjölfarið var samkomulagið uppfært til samræmis við tillögu hópsins.

Hópurinn skipa:

Anna Björk Sigurðardóttir, LSR
Bryndís Reynisdóttir, Brú lífeyrissjóði
Jóney Gylfadóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Sigbrúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Úrskurðar- og umsagnarnefnd

Samkvæmt 11. gr. Samkomulags um samskipti lífeyrissjóða er kveðið á um skipun úrskurðar- og umsagnarnefndar sem hefur það hlutverk að fjalla um mál er varða framkvæmd samkomulagsins. LL skipa nefndarmenn sem eru þrír ásamt þremur mönnum til vara til fjögurra ára í senn.

Nefndin var síðast skipuð í júní 2024.

Hana skipa:

Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, formaður, LSR
Margrét Kristinsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ágústa Hrönn Gísladóttir, Gildi-lífeyrissjóði

Varamenn:

Sara Jóna Stefánsdóttir, Greiðslustofu lífeyrissjóða
Sigurbjörn Sigurbjörnsson, SL lífeyrissjóði
Sigbrúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Úrskurðarnefnd um lífeyrismál

Á vegum LL hefur verið rýnt hvort þörf sé fyrir sérstaka úrskurðarnefnd þegar upp koma mál þar sem sjóðfélagar eru ósáttir við meðhöndlun mála sinna hjá lífeyrissjóðum. Vinnuhópur innan réttindanefndar tók saman ítarlegt minnisblað um málið. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um framhald málsins.



Hópin skipta:

Helgi Pétur Magnússon, formaður, Almenna - Lífsverk lífeyrissjóði

Árni Hrafn Gunnarsson, Gildi - lífeyrissjóði

Hrannar Bragi Eyjólfsson, Almenna - Lífsverk lífeyrissjóði

Kristján Geir Pétursson, Birtu lífeyrissjóði

Þórey S. Þórðardóttir, LL

Að lokum ber að minnast þess að fulltrúar réttindanevndar hafa verið boðnir og búnir að mæta á hina ýmsu fundi sem upp hafa komið og þá oft með stuttum fyrirvara. Til að mynda óskaði TR eftir því að fá kynningu á íslenska lífeyrissjóðakerfinu fyrir fulltrúa frá norrænum systurstofnunum TR. Jóna Finndís Jónsdóttir og Snædís Ögn Flosadóttir önnuðust kynningarnar við mikla ánægju fundargesta.



Snædís Ögn Flosadóttir.



Jóna Finndís Jónsdóttir.



Skilagrein

Landssamtök lífeyrissjóða hafa um árabil rekið vefsíðuna skilagrein.is. Vefurinn gegnir mikilvægu hlutverki í því að koma greiðslum frá flestum launagreiðendum landsins til meðal annars lífeyrissjóða og stéttarfélaganna en þangað sækja launakerfi upplýsingar um hvert eigi að beina samskiptum. Í ágúst 2025 var gengið frá samkomulagi lífeyrissjóða um að endurnýja vefinn og var Sigurður Hjalti Kristjánsson hjá Intenta ráðinn verkefnastjóri. Í nóvember 2025 var gerður samningur við tæknifyrirtækið Aranja um að þróa framtíðarlausn í samvinnu við tæknihóp og er uppfærður vefur ásamt miðlægum listum, vefþjónustu og tækniforskrift nánast tilbúinn. Eldra fyrirkomulag verður áfram aðgengilegt fyrst um sinn.

Fundur um víxlverkun milli örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða

Hvað er víxlverkun?

Með víxlverkun er átt við að örorkulífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna hafa áhrif til lækkunar á örorkulífeyri almannatrygginga og öfugt. Víxlverkun milli greiðslna frá Tryggingastofnun og lífeyrissjóðunum hefur verið eitt erfiðasta úrlausnarefni á sviði almannatrygginga síðustu ár.

Málið á sér nokkra forsögu. Samkvæmt lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, er skilyrði örorkulífeyris að sjóðfélaginn hafi orðið fyrir *tekjuskerðingu* sem rekja megi til örorkunnar. Löggin skilgreina ekki hvað teljist til tekna í þessum skilningi. Á síðari hluta ársins

2006 hófu lífeyrissjóðir að taka tillit til lífeyris- og bótagreiðslna frá almannatryggingum við útreikning á tekjuskerðingu sjóðfélaga vegna örorku. Það leiddi til þess að sumir lífeyrisþegar fengu engan eða skertan örorkulífeyri frá sjóðunum.

Með samkomulagi LL og ríkisins 30. desember 2010 samþykktu lífeyrissjóðir að lækka ekki lífeyri vegna hækkunar lífeyris frá TR. Þetta samkomulag átti að vera til þriggja ára en var einhliða framlengt af ríkinu. Í maí 2025 var síðan óvænt lagt fram stjórnarfrumvarp þess efnis að lífeyrissjóðum yrði við útreikning á tekjuskerðingu sjóðfélaga, sem öðlast hefur rétt til örorkulífeyris,

óheimilt að láta greiðslur almannatrygginga vegna örorkulífeyris, hlutaörorkulífeyris og sjúkra- og endurhæfingargreiðslur og tengdar greiðslur, samkvæmt lögum um almannatryggingar og lögum um félagslega aðstoð, lækka lífeyri sjóðfélaga við útreikning á tekjum þeirra vegna orkutaps.

Ljóst var að ef frumvarpið hefði verið samþykkt óbreytt hefði það haft verulega neikvæð áhrif á fjárhagsstöðu margra lífeyrissjóða. Í kjölfar framlagningar frumvarpsins var settur aukinn kraftur í það að finna ásættanlega lausn fyrir sem flesta.



Kynningarfundur með Gylfa

Fulltrúar réttindanefndar áttu 16. janúar 2026 fund með Gylfa Jónu Arinbjarnarsyni, verkefnastjóra hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu, þar sem hann fór yfir hugmyndir um hvernig breyta mætti örorkukerfinu. Hafði sú lausn sem Gylfi kynnti fjögur markmið:

- 1) Að auka vægi endurhæfingar og aðlögunar fyrr í veikinda- og slysaferlinu og tryggja betur framfærslu.
- 2) Að koma í veg fyrir núning og víxlverkun milli lífeyrissjóðanna og almannatrygginga.
- 3) Að jafna rétt launafólks til ellilífeyris þrátt fyrir mismunandi örorkubyrði.
- 4) Að tryggja betur samhengi milli tekna á vinnumarkaði og bóta á endurhæfingartímabili.

Ljóst var að þær lausnir sem Gylfi kynnti á fundinum myndu breyta mörgu í rekstri lífeyrissjóða. Fjörugar umræður urðu eftir kynninguna og ljóst að huga þarf að mörgu áður en af breytingunum verður.



FRÆÐSLUNEFND



Almennt hlutverk

Fræðslunefnd veitir stuðning við verkefni Landssamtaka lífeyrissjóða en eitt af hlutverkum LL er að sinna fræðslu um lífeyrismál og gegnir fræðslunefnd þar mikilvægu hlutverki. Nefndin styður jafnframt við störf annarra fastanefnda með fræðslutengd verkefni eftir því sem við á. Í upphafi hvers starfsárs mótar nefndin drög að fræðsluáætlun sem tekur breytingum í samræmi við þau mál sem upp koma hverju sinni. Fræðslunefnd hélt átta nefndarfundi á starfsárinu.

Nefndarmenn:

Hildur Hörn Daðadóttir, formaður, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Aðalbjörn Sigurðsson, Gildi – lífeyrissjóði
Auður Kjartansdóttir, Brú lífeyrissjóði
Ástey Gunnarsdóttir, LSR
Elsa Björg Pétursdóttir, Stapa lífeyrissjóði
Eva Jóhannesdóttir, Birtu lífeyrissjóði
Helga Sveinbjörnsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ
Jóhanna María Jónsdóttir, Íslenska lífeyrissjóðnum

Valmundur Valmundsson, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja
Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna – Lífsverk lífeyrissjóði

Helstu verkefni 2025–2026

- Fræðslu- og námskeiðaáætlun samtakanna fyrir starfsárið 2025–2026 var unnin og helstu áherslur hennar skilgreindar.
- Skipulagning málstofu í samstarfi við aðrar fastanefndir þar sem fjallað var um kosti



og galla þess að leggja aukna áherslu á skynsemisreglur við fjárfestingar lífeyrissjóða í stað magnbundinna takmarkana.

- Víxlverkun örorkulífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða og almannatrygginga, m.a. með ráðgjöf til samskiptanefndar um framsetningu gagnvart sjóðfélögum.
- Stuðningur við samskiptanefnd við skipulagningu fræðsluvettvangs sem ætlað er að efla tengsl við alþingismenn, ráðherra og aðra sem koma að mótun lífeyriskerfisins.

Verkefni í vinnslu 2025–2026

Starfandi undirnefndir:

- *Lífeyrisvakning*

Nýtt fræðslu- og kynningarátak um lífeyrismál er í mótun sem miðar að því að efla þekkingu almennings á lífeyrismálum. Settur hefur verið á laggirnar undirbúningshópur með fulltrúum fræðslunefndar og samskiptanefndar. Í þeim hópi eru: Hildur Hörn Daðadóttir, Helga Sveinbjörnsdóttir, Þórhildur Stefánsdóttir og Kristinn Jón Arnarson frá samskiptanefnd. Þegar hafa þrjár fundir verið haldnar þar sem mótaðar hafa verið áherslur um markmið, þema og framsetningu en lagt er upp með öflugt samstarfi allra lífeyrissjóða.

Verkefnið er hugsað sem regluleg fræðslu- og vitundarvakning um lífeyrismál. Verið er að skoða möguleika á að tengja átakið við útgáfu Lífeyrisgáttar 2.0 en með þeim hætti væri unnt að höfða til áhuga sjóðfélaga og fá persónulega og hagnýta innsýn í eigin stöðu. Jafnframt er horft til framtíðar með það að markmiði að móta vettvang – hvort heldur sem árlegan stórvíðburð eða verkefni sem færi fram annað hvert ár.

- *Skipting ellilífeyrisréttinda hjóna og sambúðarfólks.* Haldinn verður kynningarfundur næsta haust fyrir starfsfólk lífeyrissjóða sem Helga Sveinbjörnsdóttir og Þórey S. Þórðardóttir munu hafa umsjón með.
- *Hvar ertu tryggður – greiðsluskylda í lífeyrissjóði á Íslandi.* Kynning er í undirbúningi fyrir starfsfólk lífeyrissjóða um greiðsluskyldu í lífeyrissjóði á Íslandi með áherslu á hvar viðkomandi er tryggður.
- *Fræðsluvettvangur fyrir alþingismenn, ráðherra og aðra sem koma að mótun lífeyrissjóðakerfisins.* Verkefnið er unnið í samstarfi við samskiptanefnd og leggur fræðslunefnd til tvo

fulltrúa í vinnuhóp sem skipuleggur hvernig staðið verði að kynningu. LL hefur uppfært sitt kynningarefni og átt samtalið við skrifstofustjóra Alþingis varðandi hentugan tíma o.fl. Umfangsmikil mál hafa verið á borði ráðamanna og því hefur verkefnið dregist.

- *Aurbjörg – þróun lífeyrisreiknivélar*

Fræðslunefnd fylgdist náið með þróun verkefna Aurbjargar og hefur átt í góðu samstarfi við fyrirtækið, sem þróar fjármálalausnir, meðal annars við gerð samanburðar á samtryggingardeildum og lífeyrisreiknivél. Stefnt er að því að halda kynningarfund fyrir starfsmenn lífeyrissjóða þegar uppfærð reiknivél, með tengingu við Tryggingastofnun, verður tilbúin.

Ýmis verkefni 2025–2026

- *Kynningar- og samráðsfundur LL var haldinn 14. október 2025.*

Fjallað var um ýmis málefni sem hafa verið í deiglu á sviði lífeyrismála. Fundurinn var fyrst og fremst hugsaður sem upplýsingafundur en jafnframt gafst gott tækifæri til umræðna og skoðanaskipta. Á fundinum var m.a. farið yfir starfsemi Landssamtaka lífeyrissjóða og



kynntar helstu niðurstöður úr viðhorfskönnun Maskínu um traust til lífeyrissjóða og þekkingu almennings á eigin lífeyrismálum.

Víðir Smári Petersen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, kynnti niðurstöður álitserðar um fyrningu lífeyrisréttinda þar sem fjallað er um ýmis álitæfni og varpað fram spurningunni um hvort tilefni væri til lagabreytinga. Einnig kynnti Kolbeinn Hólm Stefánsson, dósent við félagsvísindasvið Háskóla Íslands, bráðabirgðaniðurstöður rannsóknar á þróun lífskjara og lágtekjuhutfalli eldri borgara. Jafnframt var fjallað um fjármálastöðugleika og kynntir helstu efnispættir úr riti Seðlabanka

Íslands, Fjármálastöðugleiki 2025/2026. Með framsögu voru eftirtaldir: Tómas Brynjólfsson, varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri á fjármálastöðugleikasviði. Fundurinn var vel sóttur og skapaðist lífleg og gagnleg umræða um efni erindanna.

- *Málstofa um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða.* Nánari umfjöllun um viðburðinn sjá [bls. 37](#).
- *Fræðsla um breytingar á örorku- og endurhæfingarlífeyriskerfi almannatrygginga var haldin í samstarfi við TR 23. mars 2026.* Á fundinum var farið yfir nýtt fyrirkomulag

örorkulífeyris sem byggir á einföldun greiðsluflokka og breytingum á mati á örorku, auk fyrstu reynslu af innleiðingu breytinganna.

- *Fræðsla um varnir gegn peningþvætti.* Fræðsluefni frá skrifstofu fjármálagreininga lögreglu var miðlað til lífeyrissjóða með mánaðarpósti í mars sl.

Lífeyrisvit

Á starfsárinu voru haldnar nokkrar kynningar undir merkjum Lífeyrisvits. Í janúar var haldin kynning hjá fyrirtækinu Trygging og ráðgjöf. Í febrúar voru þrjár kynningar haldnar fyrir félagsmenn Eflingar, á íslensku, ensku og pólsku. LL hefur lagt áherslu á að ná til þeirra sem ekki hafa íslensku sem móðurmál. Þátttaka var góð og fjölmargar spurningar komu fram.



Gestir á kynningu Lífeyrisvits á pólsku.



Ilona Piech frá Gildi.



Vefurinn lífeyrismál.is

Á starfsárinu 2025–2026 hélt Lífeyrismál.is áfram að styrkja stöðu sína sem aðgengilegur upplýsingavefur um lífeyrismál. Vefgreining tímabilsins sýnir mikla aukningu nýrra notenda og merki um að efni vefsins sé að svara upplýsingaleit þeirra sem sækja hann. Niðurstöðurnar endurspeglja þannig jákvæða þróun í sýnileika og notendaupplifun en mikið af efni er einnig á ensku og pólsku. Heildarfjöldi virkra notenda var 81.803 á tímabilinu og hlutfall nýrra notenda er hátt (95%), sem gefur til kynna að vefurinn nái sífellt til nýrra hópa. Jafnframt mælist 58% hlutfall virkra heimsóknna sem þykir nokkuð sterkt fyrir upplýsingavef og bendir til þess að notendur finni fljótt efni sem kveikir áhuga.

- Tæp 60% notenda koma frá leitarvélum sem sýnir að leitarvélabestun og uppbygging efnis er að skila sér.
- Lífeyrisgáttin er mest skoðaða efnið (tæp 20% allra síðuskoðana) sem sýnir skýrt hvaða þjónusta og upplýsingaveita nýtist notendum mest.
- „Spurt og svarað“ er sívinsæl þjónusta en fjórar síður raða sér þar í topp 10 sætin. Það staðfestir að formið fyrir spurningar og svör er aðgengilegt

og leitarvænt. Efnið um ellilífeyri er sérstaklega vinsælt.

- ChatGPT.com vísar nú notendur á vefinn sem bendir til nýrra tækifæra í sýnileika efnis í gervigreindarleit og leitarþjónustum.
- Veruleg aukning hefur verið á skoðunum á pólsku efni en samtals voru þær 4.583 á síðustu 12 mánuðum en einungis 1.927 á 12 mánaða tímabilinu þar á undan. Skýrar vísbendingar koma fram um að efni á ensku og pólsku sé eftirsótt sem kann að kalla á frekari þróun.

Í heild benda niðurstöðurnar til þess að efni vefsins sé að ná vel til notenda og nýtast þeim í auknum mæli. Sérstaklega er jákvætt að sjá að stór hluti heimsóknna kemur frá leitarvélum, samhliða mikilli notkun á upplýsinga- og þjónustuveitu vefsins og vaxandi eftirspurn eftir pólsku efni. Þessi þróun styður markmið LL um að efla fræðslu og aðgengi að upplýsingum um lífeyrismál fyrir breiðan hóp notenda.

Fjármálavit

LL hefur átt aðkomu undanfarin ár að fjármálalæsisverkefninu Fjármálaviti en því er stýrt af Samtökum fyrirtækja í fjármálaþjónustu (SFF).

Með breytingum á aðalnámskrá sem kynntar voru haustið 2025 eru hæfniviðmið í fjármálalæsi áfram tilgreind í stærðfræði og í samfélagsgreinum en með skýrari hætti. Hæfniviðmiðin segja til um hvað hver nemandi þarf að kunna í fjármálalæsi eftir 4. bekk, 7. bekk og 10. bekk.

Stóra breytingin nú snýr að því að komin eru svokölluð námsmarkmið fyrir hvert hæfniviðmið sem eru leiðbeiningar fyrir kennarana til að vinna að því skref fyrir skref að ná hverju hæfniviðmiði. Þarna er merktum áfanga náð.

Með skýrari aðalnámskrá er kominn traustari grundvöllur fyrir því að skólarnir taki fjármálalæsi föstum tókum. Í því ljósi þarf að efla kennara, með endurmenntun og í grunnnámi, og hefur Fjármálavit undanfarin ár staðið fyrir endurmenntunarnámskeiðum í samstarfi við Reykjavíkurborg og Opna háskólann í Reykjavík, auk þess að hafa átt í samtali við menntavísindasvið HÍ um að koma fjármálalæsi inn í grunnám kennara. Áformað er að það verði að veruleika næsta haust.



Bjöllum hringt í tilefni af alþjóðlegri fjárfestavíku

Höfundar spilsins **Aur og áhætta**, þær Salka Sigmarsdóttir og Sonja Oliversdóttir, hlutu styrk frá Fjármálaviti til þróunar verkefnisins og hringdu þær bjöllu Nasdaq kauphallarinnar fyrir hönd Fjármálavits í tilefni af alþjóðlegri fjárfestavíku.

Fjármálaleikarnir 2026

Í tilefni af alþjóðlegri fjármálalæsisvíku 16. – 22. mars tóku nemendur á unglingastigi grunnskóla um allt land þátt í keppni í fjármálalæsi sem lauk með sigri Garðaskóla. Í öðru sæti var Grunnskóli Fjallabyggðar og Vogaskóli í því þriðja. Þetta er níunda árið í röð sem keppnin er haldin. Um er að ræða vefleik þar sem krakkarnir svara fjölbreyttum

spurningum um fjármál sem snúast m.a. um að geta reiknað vexti af lánum og sparnaði, að þekkja tilgang trygginga, þekkja réttindi og skyldur á vinnumarkaði, átta sig á lífeyrissparnaði og kunna ýmislegt um t.d. gengissveiflur og verðlagsþróun. Um 2000 nemendur í 50 grunnskólum þvert um landið tóku þátt í keppninni og svöruðu fjölbreyttum og skemmtilegum spurningum um fjármál. Sem fyrr



Kauphöllin.




Verðlaunaafhending í Garðaskóla.

var mikil samkeppni um efstu sætin og er sérstaklega ánægjulegt að sjá góða þátttöku og liðsheilð fjölmennra skóla.

Starfsár fræðslunefndar einkenndist af fjölbreyttum fræðsluverkefnum og góðu samstarfi við aðrar nefndir samtakanna. Meðal þess sem nefndin stóð fyrir var kynning frá TR fyrir starfsmenn lífeyrissjóða þar sem farið var yfir breytingar á örorku- og endurhæfingarlífeyri almannatrygginga sem tóku gildi 1. september 2025.

Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir, sviðsstjóri örorkusviðs TR, og Guðmundur Gunnarsson, lögfræðingur hjá TR, fluttu erindi og svöruðu spurningum.

Áfram verður lögð áhersla á að efla fræðslu til sjóðfélaga og styðja við þróun lífeyriskerfisins með markvissri upplýsingagjöf.



Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir.



Fundur 23. mars.

Uppfærsla Lífeyrisgáttarinnar

LL hafa síðustu misseri unnið að uppfærslu Lífeyrisgáttarinnar. Um er að ræða kerfi þar sem sjóðfélagar geta nálgast upplýsingar um réttindi sín hjá ólíkum sjóðum á einum stað. Núverandi lausn nær eingöngu til samtryggingar en ekki séreignar. Með nýrri uppfærslu er áformað að útvíkka umfangið þannig að einstaklingar geti einnig nálgast upplýsingar um séreign.

Núverandi kerfi byggir á SOAP vefþjónustum, XML skeytum og uppflettingu í miðlægri nafnaskrá lífeyrissjóða. Annast Reiknistofa lífeyrissjóða rekstur og viðhald nafnaskrárinnar.

Byrjað var á að mynda notendahóp til að skilgreina hverjar þarfirnar væru. Hópurinn var skipaður sérfræðingum á sviði iðgjalda og réttindasviðs. Að þessu loknu tók tæknihópur við keflinu, en hann er skipaður sérfræðingum í upplýsingatækni. Starfaði tæknihópurinn undir handleiðslu Sigurðar Hjalta Kristjánssonar hjá Intenta, sem LL fól verkefnastjórn.

Tæknivinna við Lífeyrisgáttina er langt komin og standa vonir til að nýtt kerfi verði tekið í notkun á seinni hluta árs 2026.

Notendahópur:

Anna Björk Sigurðardóttir, LSR
Ágústa Hrönn Gísladóttir, Gildi - lífeyrissjóði
Berglind Guðmundsdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ
Elísa María Oddsdóttir, Festu lífeyrissjóði
Jakob Tryggvason, Birtu lífeyrissjóði og LL
Jenný Ýr Jóhannsdóttir, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði
Ragnar Leví Guðmundsson, SL lífeyrissjóði
Þóra Jónsdóttir, Brú lífeyrissjóði
Þórhildur Stefánsdóttir, Almenna – Lífsverk lífeyrissjóði
Helga Rún Guðjónsdóttir, LL

Tæknihópur:

Andrés Þorleifsson, LL
Axel Viðar Santos, Festu lífeyrissjóði
Guðný Helga Lárusdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ
Hrannar Jóhannsson, Devon
Elín Hrund Búadóttir, LSR
Haraldur Arason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ragnar Ingimundarson, RL
Skúli Geir Jensson, Gildi - lífeyrissjóði



ÁHÆTTUNEFND



Almennt hlutverk

- Koma faglegum sjónarmiðum og hugmyndum á framfæri í tengslum við breytingar á lögum og reglum er varða eftirlitskerfi með áhættu lífeyrissjóða.
- Huga að forsendum fyrir tryggingafræðilegum úttektum lífeyrissjóða, eftir atvikum í samstarfi við réttindanefnd.
- Yfirfara sameiginlegar rekstraráhættur og miðla upplýsingum svo sem um svikaáhættur sem upp hafa komið.

Áhersluverkefni 2025-2026:

- Stjórn LL fól skrifstofu LL að setja á laggirnar vinnuhóp með fulltrúum nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða (NUFL) og áhættunefndar sem skyldi útbúa samantekt þar sem varpað er ljósi á þær magnbundnu takmarkanir sem gilda um fjárfestingar lífeyrissjóða og brýnt þykir að breyta. Jafnframt yrði hópnum falið að leggja mat á kosti og galla þess að draga úr vægi magnbundinna

takmarkana og auka að sama skapi áherslu á skynsemissreglur.

- Í tengslum við ofangreint verkefni var nefndinni falið í samstarfi við NUFL og samskiptanefnd að skipuleggja málstofu um mikilvægi þess að aðlaga fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða sem best að hagsmunum sinna sjóðfélaga.
- Rýna tryggingafræðilega úttekt lífeyrissjóða og helstu forsendur matsins. Sérstök rýni á endurmatsreglu við mat á eignum lífeyrissjóða.

- Koma á framfæri viðeigandi ábendingum vegna endurbóta á skýrslu sem skilað er til fjármálaeftirlits SÍ um niðurstöður tryggingafræðilegra athugunar.
- Fylgjast með sjálfbærniþróun s.s. loftslagsmálefnum og áhrifum þeirra á áhættumat lífeyrissjóða. Eiga samstarf við fulltrúa NUFL og hina ýmsu haghafa til að stuðla að samræmdri upplýsingagjöf um losun fyrirtækja og eftir atvikum hafa áhrif á þróun málaflokksins.
- Taka saman og rýna þær áskoranir sem fylgja því að aukinn fjöldi sjóðfélaga er búsettur erlendis og af erlendum uppruna, m.a. búsetuskráning,

upplýsingar um andlát og auðkenning sjóðfélaga.

- Rýni á breytingum sem fylgja innleiðingu á DORA regluverki um rekstrar- og netöryggi.
- Rýni á gagnamál lífeyrissjóða og hvernig hægt er að auka skilvirkni í gagnaöflun og skýrslugjöf. Eftir atvikum koma ábendingum á framfæri s.s. til eftirlitsaðila.

Öllum sem sinna áhættueftirliti sjóðanna er velkomið að taka þátt í störfum nefndarinnar.

Nefndarmenn:

Rebekka Ólafsdóttir, formaður, Gildi – lífeyrissjóði,
Anna Karen Kristinsdóttir, Stapa – lífeyrissjóði
Atli Arnarsson, Gildi – lífeyrissjóði
Borghildur Jónsdóttir, Lífeyrissjóði bænda
Edda Björk Agnarsdóttir, LSR
Einar Már Birgisson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Halldór Emil Sigtryggsson, Lífeyrissjóði bankamanna
Magnús Helgason, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Ottó Hólm Reynisson, Stapa lífeyrissjóði
Páll Ásgeir Björnsson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna
Pétur Pétursson, Íslenska lífeyrissjóðnum
Ragnar Leví Guðmundsson, SL lífeyrissjóði
Ragnheiður Helga Haraldsdóttir, Brú lífeyrissjóði
Róbert Leó Sigurðsson, Birtu lífeyrissjóði
Sigurður Örn Karlsson, Almenna - Lífsverk lífeyrissjóði
Stýrmir Guðmundsson, Gildi – lífeyrissjóði
Sveinn Friðrik Gunnlaugsson, LSR
Sævarður Einarsson, Birtu lífeyrissjóði
Trausti Hjaltason, Lífeyrissjóði Vestmannaeyja
Valgeir Geirsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ
Þorbjörn Sigurðsson, Almenna – Lífsverk lífeyrissjóði
Þráinn Guðbjörnsson, Festu lífeyrissjóði




Frá fundi áhættunefndar.

Upplýsingar um sjóðfélaga af erlendum uppruna

Lýðfræðileg samsetning lífeyrissjóða hefur breyst mikið með breyttu þjóðfélagi undanfarin ár. Erlendum sjóðfélögum hefur fjölgað töluvert. Eitt af því sem hefur komið í ljós er að margir tilkynna ekki um brottflutning frá Íslandi. Í þeim tilvikum geta upplýsingar um andlát sjóðfélaga verið ófullnægjandi, lífeyrir mögulega greiddur eftir andlát og skuldbindingar lífeyrissjóðanna geta verið

ofmetnar. Eru það því sameiginlegir hagsmunir lífeyrissjóða og ríkis að fá betri upplýsingar um brottflutning og dánartilkynningar um sjóðfélaga sem flytja frá landinu enda varðar málið ekki eingöngu lífeyrissjóðakerfið. Stofnaður hefur verið vinnuhópur á vegum áhættu- og réttindanefndar sem hefur unnið að því að kanna málefni þessa hóps og hvernig tryggja megi skilvirka þjónustu við alla sjóðfélaga, óháð búsetu og uppruna,

án þess að það hafi neikvæð áhrif á sjóðina. Þeim árangri var náð á árinu að nú deilir TR þeim viðbótarupplýsingum sem stofnunin hefur með lífeyrissjóðum og Þjóðskrá, þótt enn séu upplýsingarnar ófullnægjandi. Jafnframt var unnið að lausnum til að bæta auðkenningu erlendra aðila, meðal annars með þátttöku í verkefnum um rafræn auðkenni milli landa, en brýnt er að Þjóðskrá tengi erlendar kennitölur við útgáfu íslenskra kennitalna.



Hópin skipa:

Rebekka Ólafsdóttir, Gildi – lífeyrissjóði
Anna Karen Kristinsdóttir, Stapa – lífeyrissjóði
Ásta M. Þórhallsdóttir, Íslenska lífeyrissjóðnum
Hafey Pétursdóttir, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA, Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ
Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði
Ragnheiður Helga Haraldsdóttir, Brú lífeyrissjóði
Sigbrúður Jónasdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Tryggingafræðileg úttekt

Undirhópur áhættunefndar fjallar reglulega um tryggingafræðilega úttekt lífeyrissjóða. Í kjölfar stefnumótunarfundar LL var ákveðið að koma á virkum vettvangi milli LL og stjórnar Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga (FÍT) og funda með henni reglulega. Á fundum ársins með FÍT var m.a. lögð áhersla á reglulega uppfærslu á



almennum lífslíkum og spám um lífslíkur, bæði almennt og vegna áhrifa erlendra ríkisborgara og skorts á upplýsingum um andlát þeirra. Almennar lífslíkutöflur hafa ekki verið uppfærðar um langt skeið og byggja þær á dánargögnum frá 2014–2018. Þó að flestir sjóðirnir noti sérhæfðar lífslíkur í sínum útreikningum minnkar áreiðanleiki frávikaskýrsla milli almennra og sértækra lífslíkna eftir því sem gögnin sem þær byggja á verða

ólíkari. Þá hefur einnig verið fjallað um hvernig nágrannalönd reikna lífslíkur mismunandi hópa í leit að sameiginlegum áhættuþáttum. Ætlunin er að skoða þetta nánar og kynna sér aðferðir nágrannalöndanna.

Þá er unnið að skoðun á mögulegum breytingum á tryggingafræðilegu mati skuldabréfa.

Hóþinn skipa:

Rebekka Ólafsdóttir, Gildi – lífeyrissjóði

Anna Karen Kristinsdóttir, Stapa – lífeyrissjóð

Einar Már Birgisson, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Helgi Freyr Ásgeirsson, LSR

Ragnar Leví Guðmundsson, SL lífeyrissjóði

Ragnheiður Helga Haraldsdóttir, Brú lífeyrissjóði

Sigurður Örn Karlsson, Almenna - Lífsverk

lífeyrissjóði


Valgeir Geirsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA,

lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ

Breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða

Í upphafi starfsárs var ljóst að fjármála- og efnahagsráðherra hugðist leggja fram tillögur um breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða skv. lögum nr. 129/1997. Settur var á laggirnar vinnuhópur með fulltrúum áhættunefndar og NUFL en ætlunin er að leggja ríkari áherslu á svokallaða skynsemisreglu og draga úr magnbundnum takmörkunum.

Stjórnarfrumvarp var lagt fram í upphafi árs 2026 og sætir það nú þinglegri meðferð. Starfshópurinn gerði ítarlega greiningu á málinu og var með ákveðnar tillögur til breytinga. Ánægjulegt er að margar af tillögunum er að finna í frumvarpinu. Markmið breytinganna er að bæta eigna- og



áhættustýringu lífeyrissjóða, en áhættusnið getur verið misjafnt á milli sjóða. Með því að draga úr magnbundnum takmörkunum og byggja í auknum mæli á skynsemisreglu er ýtt undir áhættuvitund og möguleika lífeyrissjóða til að laga eignasafnið að áhættusniði með langtímahagsmuni sjóðfélaga að leiðarljósi. Minni áhersla á magnbundnar takmarkanir getur þannig skilað sér í betri eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða.

Hópin skipa:

Arne Vagn Olsen, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Gunnar Þór Ásgeirsson, Gildi – lífeyrissjóði

Halla Kristjánsdóttir, LSR

Helga Indriðadóttir, Almenna – Lífsverki lífeyrissjóði

Ólafur Sigurðsson, Birtu lífeyrissjóði

Rebekka Ólafsdóttir, Gildi – lífeyrissjóði

Soffía Gunnarsdóttir, Birtu lífeyrissjóði

Tómas N. Möller, Lífeyrissjóði verzlunarmanna

Valgeir Geirsson, Frjálsa lífeyrissjóðnum, EFÍA,

Lífeyrissjóði Rangæinga og LSBÍ

Málstofa um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða

Vel heppnuð málstofa var haldin í samstarfi við fjármála- og efnahagsráðuneytið, Seðlabanka Íslands og LL 4. desember 2025. Rebekka Ólafsdóttir, formaður áhættunefndar, var þar

með erindi sem hún kallaði „Hvað er skynsemi?“ Var málstofan ætluð sem liður í samráði um undirbúning lagafrumvarps. Sjá nánari umfjöllun á [bls. 37](#).

Endurskoðun á víxlverkun milli TR og lífeyrissjóðanna

Eins og hjá öðrum nefndum innan LL hefur endurskoðun á víxlverkun milli TR og lífeyrissjóðanna verið til umfjöllunar á starfsárinu en 1. september 2025 varð sú breyting á lögum um lífeyrissjóði að bráðabirgðaákvæði frá 2011 var ekki framlengt og féll því úr gildi. Við þessa breytingu var lífeyrissjóðum ekki gert skylt að líta fram hjá hækkunum á greiðslum sem örorkulífeyrisþegar fá frá TR þegar réttur til örorkulífeyris hjá lífeyrissjóðum er reiknaður út. Í lok síðasta árs ákváðu stjórnvöld hins vegar að snúa ákvörðun sinni við og endurvekja bráðabirgðaákvæðið tímabundið á meðan leitað er langtímalausnar á jöfnun örorkubyrði og samspili milli almannatrygginga og lífeyrissjóðanna.

Vinnuhópur á vegum LL vann á haustmánuðum að tillögum að framtíðarlausn á víxlverkun örorkulífeyrisgreiðslna lífeyrissjóða og almannatrygginga. Hópurinn var skipaður fulltrúum

ólíkra sjóða og komu m.a. fulltrúar úr áhættunefnd. Sjá nánar umfjöllun [bls. 47](#).

Samskipti við eftirlitsaðila og upplýsingagjöf

Nauðsynlegt er að viðhalda opnum og uppbyggjandi samskiptum milli sjóðanna og eftirlitsaðila og að unnið sé saman að því að upplýsingagjöfin byggji á skýrum forsendum, sé skilvirk og samanburðarhæf. Var m.a. fundað með Seðlabankanum vegna könnunar á einföldun og eftirfylgni en bankinn ætlar að samræma vinnubrögð, einfalda gagnabeitðir og verið er að vinna í sameiginlegum gagnagrunni Seðlabankans og FME. Einnig var fundað með Seðlabankanum vegna endurbóta á skýrslu um niðurstöður tryggingafræðilegrar athugunar og innleiðingu á DORA reglugerðinni og tilheyrandi skýrslugjöf.

Vinnuhópur um netöryggi og innleiðingu DORA reglugerða

Stofnaður var undirhópur áhættunefndar um mál tengd upplýsingatækniáhættu með áherslu á DORA reglugerðina. Hefur hópurinn komið saman á starfsárinu og rætt skil lífeyrissjóða á Rol-skýrslu. Um er að ræða flókna, og kostnaðarsama skýrslu og höfðu borist misvísandi skilaboð frá Seðlabankanum þess efnis hvort sjóðunum yrði



gert skylt að skila skýrslunni á svonefndu XBRL-formi. Umrædd skýrsluskil fela í sér töluverða tæknivinnu og umtalsverðan kostnað. Þykir því mikilvægt að unnið verði með Seðlabankanum með það að markmiði að skýrslan þjóni því hlutverki að bæta áhættustýringu. Vinnuhópurinn kom að því að móta erindi frá LL til Seðlabankans sem sent var í byrjun árs 2026. Málið er enn á vinnslustigi og er þess vænst að skýrsluskilin muni taka mið af starfsumhverfi íslenskra lífeyrissjóða en á sama tíma þjóna hlutverki sínu að bæta upplýsingaöryggi.

Hópurinn skipa:

Andrés Þorleifsson, LL

Brynhildur Ýr Ottósdóttir, LSR

Ísak Hilmarsson, Brú lífeyrissjóði

Rebekka Ólafsdóttir, Gildi - lífeyrissjóði

Skúli Geir Jensson, Gildi - lífeyrissjóði

Sveinn Friðrik Gunnlaugsson, LSR

Sævarður Einarsson, Birtu lífeyrissjóði

Sameiginleg rekstraráhætta og aðgerðir gegn peningþvætti

Hluti af reglubundnum verkefnum áhættunefndar er að upplýsa um mögulegar svikaleiðir sem hafa uppgötvast á meðal nefndarmanna. Er þetta góður vettvangur til að deila sameiginlegum áhættum og auka þar með fyrirsjáanleika og skapa sterkari grunn til að bregðast við áhættu.

Að lokum ber að minnast þess að fulltrúar áhættunefndar hafa verið boðnir og búnir að mæta á hina ýmsu fundi sem upp hafa komið og þá oft með stuttum fyrirvara. Á það einkum við þegar fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eða erlendra

matsfyrirtækja óska eftir fundi með fulltrúum lífeyrissjóða. Þá hafa fulltrúar nefndarinnar mætt fyrir þingnefndir til að fylgja málum eftir þegar svo ber undir.



Frá fundi vinnuhóps um upplýsingatækniöryggi.

Samskipti við ríkið

LL koma fram fyrir hönd lífeyrissjóðanna í ýmsum samskiptum við stofnanir ríkisins. Þannig eiga LL reglulega fundi í fjármála- og efnahagsráðuneytinu um málefni lífeyrissjóða, í Seðlabanka Íslands auk þess sem samtökin veita umsagnir um ýmis mál til Alþingis eða í Samráðsgátt stjórnvalda.

Erindi vegna eftirlitsgjalds

Á vormánuðum 2026 sendu LL erindi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem vakin var athygli á því að eftirlitsgjald vegna fjármálaeftirlits með lífeyrissjóðum hefði hækkað verulega á undanförunum árum. Þetta hefði gerst þrátt fyrir almenna aðhaldskröfu á ríkisstofnunum og þrátt fyrir að lífeyrissjóðum hefði farið fækkandi, sem hefði átt að skila sér í minni vinnu fyrir fjármálaeftirlitið. Þannig borga 17 sjóðir tæplega hálfan milljarð í eftirlitsgjald árið 2026. LL benti enn fremur á að verkefnum fjármálaeftirlits sem snúa að lífeyrissjóðum hefði ekki fjölgað svo nokkru næmi auk þess sem því var mótmælt að lífeyrissjóðir fjármögnuðu verkefni sem stæðu utan lögbundins hlutverks fjármálaeftirlits.

LL lögðu áherslu á að lífeyrissjóðirnir hefðu það hlutverk að ávaxta fjármuni sem almenningur væri skyldaður til að inna af hendi á grundvelli laga. Þessum sjóðum væri ætlað að standa undir elli- og áfallalífeyri landsmanna og yrðu opinberar álögur á sjóðina að vera hóflegar og vel rökstuddar. Ótækt væri að eftirlitskostnaður hækkaði ár frá ári án þess að fyrir því væru sterk rök. Mikilvægt væri að ráðuneytið tæki málið til sérstakrar skoðunar og væri þess vænst að gjaldheimta á lífeyrissjóðina lækkaði verulega við álagningu næsta árs.

LL fylgdu erindinu eftir með fundi í ráðuneytinu og má vænta þess að leitað verði umsagnar fjármálaeftirlits Seðlabankans. Engin formleg svör hafa borist frá ráðuneytinu þegar þetta er ritað.

Rol skýrsla

Í febrúar sl. rituðu LL Seðlabankanum tvö bréf sem sneru að þeirri kröfu bankans að lífeyrissjóðir skiluðu svonefndri Register of information (Rol) skýrslu á xbrl formi. Um er að ræða skýrslu sem er tilkomin vegna nýrra laga um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar. Lífeyrissjóðir falla

ekki undir gildissvið laganna en ber þó að haga áhættustýringu með rekstraráhættu til samræmis við tiltekin ákvæði laganna.

Mikill styr hefur staðið um Rol skýrsluna í Evrópu þar sem haghafar hafa sagt að hún leggi óhóflega þunga stjórnarsýslubyrði á eftirlitsskylda aðila, þeir þurfi að veita mikið magn upplýsinga sem hafi lítið gildi við áhættustýringu. Þannig þurfi að skila á milli 65 og 95 gagnapunktum um hvern veitanda stafrænnar þjónustu og undirverktaka þjónustuveitandans.

LL höfðu fundað með fjármála- og efnahagsráðuneytinu um Rol skýrsluna þegar vinna við samningu frumvarps til laga um stafrænan viðnámsprótt stóð yfir. Sá fundur var afar jákvæður og skynjuðu fulltrúar LL mikinn skilning á afstöðu lífeyrissjóða. Skilaði fundurinn því að í greinargerð með lagafrumvarpi var sérstaklega tekið fram að halda skyldi kostnaði við breytt skýrsluskil lífeyrissjóða í lágmarki.



Í aðdraganda þess að lögin voru sett fengu lífeyrissjóðir þær upplýsingar frá Seðlabankanum að ekki stæði til að krefja sjóðina um Rol skýrsluna á xbrl formi. Á kynningarfundum Seðlabankans um DORA innleiðinguna í desember 2025 var skyndilega tilkynnt að til stæði að krefja lífeyrissjóði um sömu skýrslu og til dæmis bankar skila inn.

LL ritaði Seðlabankanum erindi af þessu tilefni, vísaði til þess að kostnaður lífeyrissjóðakerfisins af þessari einu skýrslu yrði nálægt 100 milljónum og benti á ummæli í greinargerð um að halda skyldi kostnaðarauka í lágmarki.

Við nánari skoðun kom síðar í ljós að framkvæmdastaðallinn sem Seðlabankinn hugðist byggja kröfu sína á hafði ekki verið tekinn upp í EES samninginn en það stæði þó til.

LL fylgdi erindinu eftir með fundi í fjármála- og efnahagsráðuneyti, þar sem fulltrúar LL skynjuðu mikinn stuðning við málstað LL. Þá var málið einnig rætt á fundi með Seðlabankanum.

Í lok apríl varð Seðlabankinn við beiðni LL um að skila mætti skýrslunni á hefðbundnu Excel-formati í stað svonefnds xbrl-formats. Enn er unnið að því í samráði við Seðlabankann að aðlaga skýrsluna betur að lífeyrissjóðum.

Starfshópur um nýtt húsnæðislánakerfi

Fulltrúar LL hafa setið í starfshóp félags- og húsnæðismálaráðherra um nýtt húsnæðislánakerfi. Hópnunum er ætlað að greina hvort gera þurfi breytingar á löggjöf um fasteignalán til að tryggja neytendavernd.

Samstarfshópur vegna ábendingar úr FSAP

Sumarið 2023 birti Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn niðurstöður úttektar á íslensku fjármálakerfi og sneri einn angí úttektarinnar sérstaklega að lífeyrissjóðum. Ein af ábendingum AGS sneri að mögulegum úrbótum á upplýsingagjöf til sjóðfélaga lífeyrissjóða. Vorið 2025 var settur á laggirnar starfshópur LL og Seðlabankans til að kanna hvort þörf væri á bættri upplýsingagjöf og hvernig best væri að henni staðið. Hópurinn hefur hist reglulega á starfsárinu.

Umsagnir vegna þingmála eða mála í Samráðsgátt stjórnvalda

LL hafa ritað ýmsar umsagnir um þingmál eða mál sem birt hafa verið í Samráðsgátt stjórnvalda:

1. Tvær umsagnir um frumvörp til laga um stafrænan viðnámsprótt fjármálamarkaðar, dags. 23. apríl 2025 og 9. október 2025.
2. Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (víxlverkun örorkulífeyrisgreiðslna), dags. 11. júní 2025.
3. Umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026, dags. 1. október 2025.
4. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna fjárlaga fyrir árið 2026, dags. 2. október 2025.
5. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um bætur vegna tvísköttunar lífeyrisgreiðslna, dags. 27. október 2025.
6. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (sjálfskaparvíti), dags. 27. október 2025.
7. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar og lögum um heilbrigðisþjónustu (hækkun almenns



- frítækjumarks ellilífeyris), dags. 3. desember 2025.
- 8.** Þrjár umsagnir sem snúa að fyrirhuguðu innviðafélagi ríkisins:
- a.** Umsögn um áform um að leggja fram frumvarp til laga um heimild til að stofna sérstakt innviðafélag, dags. 22. desember 2025.
 - b.** Umsögn um drög að frumvarpi um stofnun innviðafélags, dags. 9. febrúar 2026.
 - c.** Umsögn um frumvarp um stofnun innviðafélags, dags. 10. apríl 2026.
- 9.** Fjórar umsagnir sem snúa að fyrirhuguðum breytingum á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða:
- a.** Umsögn um áform um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, dags. 18. febrúar 2026.
 - b.** Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, dags. 5. mars 2026.
 - c.** Umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, dags. 16. apríl 2026.
 - d.** Umsögn um minnisblað Seðlabanka Íslands til efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 12. maí 2026.
- 10.** Tvær umsagnir sem snúa að ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána:
- a.** Umsögn um drög að frumvarpi til laga um ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána (varanleg heimild), dags. 20. febrúar 2026.
 - b.** Umsögn um frumvarp til laga um ráðstöfun séreignarsparnaðar inn á höfuðstól húsnæðislána (varanleg heimild), dags. 16. apríl 2026.
- 11.** Tvær umsagnir sem snúa að fyrirhuguðum breytingum á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög vegna innleiðingar SRDII-tilskipunarinnar:
- a.** Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, dags. 26. febrúar 2026.
 - b.** Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, dags. 13. maí 2026.



PRICE – Rannsóknastofnun lífeyrismála

Rannsóknarstofnun lífeyrismála lauk fyrsta heila starfsári sínu árið 2025. Landsamtökin eiga aðild að stofnuninni ásamt Háskóla Íslands, Seðlabankanum og fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

Stjórnendur stofnunarinnar eru Gylfi Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands, og Þorsteinn S. Sveinsson, hagfræðingur í Seðlabanka Íslands.

Stofnunin styrkti tvo doktorsnema til náms við Copenhagen Business School. Þá voru haldnir ýmsir fyrirlestrar.

Tengd skuldabréf

Hinn 7. maí 2025 hélt hagfræðingurinn Celso Brunetti, sem starfar við Seðlabanka Bandaríkjanna, fyrirlestur um áhrif tengslaneta á fyrirtækjaskuldabréf. Í stað þess að skoða hvernig fjárfestar eru tengdir beindi Brunetti sjónum sínum að því hvernig skuldabréf eru tengd. Taldi hann bréfin tengd ef þau væru í sama eignasafni og þannig gæti hvert skuldabréf verið tengt mörgum

öðrum bréfum og í mismunandi mæli. Helstu niðurstöður hans voru:

- Því sterkari sem tenging bréfs er við önnur bréf á markaðnum því minna álag (e. spread) fylgir bréfinu og því minna flökt (e. volatility) er á verði þess.
- Tengdari bréf fyrirtækja í viðkvæmum geirum urðu fyrir minni áhrifum af COVID í samanburði við minna tengd bréf.
- Fyrir markaðinn í heild auka tengslin stöðugleika, áhætta dreifist og áhrif áfalla verða minni.



Frá ársfundi PRICE 17. nóvember.

Sparnaður mæðra

Hinn 16. maí 2025 hélt Arna Ólafsson, lektor í fjármálum við Copenhagen Business School, fyrirlestur um áhrif barneigna á sparnað. Rannsóknin byggðist á gögnum frá íslenskum viðskiptabanka ásamt spurningalistum sem sendir voru á viðskiptavini bankans. Helsta niðurstaða Örnú var að mæður draga marktækt úr sparnaði inn á sparireikninga frá fæðingu fyrsta barns en sama ætti ekki við um feður. Þá virtist einnig munur á séreignasparnaði. Konur draga úr honum eftir fæðingu en karlar ekki.

Fæðingartíðni á Íslandi og á heimsvísu

Hinn 12. júní 2025 flutti Klaus F. Zimmermann, prófessor emeritus við Háskólann í Bonn, erindi um

minnkandi frjósemi. Í erindinu beindi Zimmermann sjónum að Íslandi og þeirri lækkun sem hefði orðið á fæðingartíðni hér og á heimsvísu. Fyrirlestrinum lauk með hugleiðingum um hversu miklu aðgerðir stjórnvalda til að auka frjósemi gætu raunverulega skilað. Að mati Zimmermanns er ljóst að engin ein aðgerð nær að snúa þróuninni við. Þó gæti fjöldi aðgerða sem hallast á sömu sveif skilað árangri, þar mætti nefna ódýra umönnun barna, jafnt fæðingarorlof mæðra og feðra, húsnæðisstuðning, sveigjanlegan vinnutíma og almennt kynjajafnrétti.

Umönnun aldraðra í Evrópu

Hinn 1. september 2025 hélt Svend E. Hougaard Jensen, prófessor í hagfræði við Copenhagen Business School, fyrirlestur þar sem fjallað var

um áskoranir í umönnun aldraðra í Evrópu. Í kynningunni benti Jensen á kerfislæg vandamál við að laða starfsmenn til þjónustu við aldraða. Þetta endurspeglar í háu hlutfalli starfsmanna í hlutastarfi, lágum eftirlaunaaldri og fleiri veikindadögum. Auk þess væru launin í sumum tilfellum ekki samkeppnishæf.

Lífskjör eldra fólks

Kolbeinn H. Stefánsson, dósent við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, hélt erindi 24. september 2025 um lífeyrissjóði og lífskjör eldra fólks. Í fyrirlestrinum var fjallað um þróun líf skjara og lágtekjuhluftalla eldri borgara frá aldamótum á grundvelli skráargagna Hagstofu Íslands. Bentu gögn til þess að líf skjör eldra fólks hefðu batnað verulega frá aldamótum og lágtekjuhluftöllin bentu til þess að náðst hafi fádæma árangur í baráttunni gegn fátækt þessa hóps. Í erindinu var rýnt í ýmsa áhrifaþætti sem kunna að skýra þessa þróun en niðurstaða Kolbeins var að þróunin skýrðist fyrst og fremst af vaxandi réttindum eldra fólks í lífeyriskerfinu.



Snemmtaka lífeyris

Henrik Yde Andersen hjá Seðlabanka Danmerkur hélt fyrirlestur 20. nóvember 2025 þar sem hann fjallaði um danskar rannsóknir á snemmtöku lífeyris. Fjallaði hann m.a. um hvernig einstaklingar brygðust við þegar neikvæðar afleiðingar þess að taka lífeyri snemma væru mildaðar. Var það niðurstaða Andersens að heimili kynnu að freistast til að eyða frekar en spara til efri árána ef neikvæðar afleiðingar þess að taka lífeyrinn snemma væru litlar.

Danskir hvatar til lífeyrissparnaðar og innviðafjárfestingar danskra lífeyrissjóða

Jens-Christian Stougaard, danskur ráðgjafi í lífeyrismálum, og Anders Bruun, stjórnarmaður í PBU og Sampension, héldu fyrirlestur 16. janúar 2026 um annars vegar hvata til lífeyrissparnaðar

og hins vegar innviðafjárfestingar danskra lífeyrissjóða, svo sem í hjúkrunarheimilum, skólum, dómsbyggingum, sjúkrahúsum og herstöðvum.

Umbætur á sænska lífeyriskerfinu


Hinn 13. mars 2025 hélt Lisa Laun, prófessor í hagfræði við Rannsóknastofnun vinnumarkaðs- og menntastefnu (IFAU) og dósent við hagfræðideild Stokkhólmsháskóla, fyrirlestur þar sem hún fjallaði um umbætur á sænska lífeyriskerfinu á tíunda áratug 20. aldar og hvaða lærdóma mætti draga af þeim. Laun starfaði nýverið sem sérstakur rannsakandi fyrir sænsku ríkisstjórnina í tengslum við rannsókn á lífeyrisiðgjöldum og hefur jafnframt verið varaformaður sænska fjármálaráðsins.

Fjögurra daga vinnuvika

Hinn 19. mars 2026 hélt Pedro Gomes, prófessor í hagfræði við Birkbeck Business School í Bretlandi, fyrirlestur um hvernig fækkun vinnustunda hefði áhrif á fyrirtæki, hagkerfi, eftirlaunaaldur og samfélagið.

Hverjir leiða hjarðhegðun á mörkuðum

Jón Guðjónsson, doktorsnemi við Viðskiptaháskólann í Kaupmannahöfn, hélt fyrirlestur 28. apríl 2026 um rannsókn sína á viðskiptum með íslensk hlutabréf á árunum 2020-2024. Í rannsókninni beindi Jón sjónum sínum að því hversu líklegt væri að ólíkir fjárfestahópar tækju þátt í hjarðhegðun og voru viðskipti lífeyrissjóða sérstaklega borin saman við viðskipti annarra fagfjárfesta.



Erlent samstarf og samanburður við önnur lönd

PensionsEurope

Erlent samstarf Landssamtaka lífeyrissjóða fer að stórum hluta í gegnum PensionsEurope, samstarfsvettvang 21 samtaka lífeyrissjóða í Evrópu sem vinna að hagsmunum 65 milljóna sjóðfélaga í 19 löndum. LL er áheyrnarfulltrúi og veitir þátttakan rétt til setu á fundum samtakanna, aðgang að innra starfi þeirra, málefnastarfi og sameiginlegri hagsmunagæslu gagnvart stofnunum Evrópusambandsins.

Með aðild að samtökunum gefst LL tækifæri til að fylgjast með helstu stefnum og straumum varðandi lífeyrismál í Evrópu. Löggjöf og reglusetning ESB um lífeyrissjóði hefur oft beint áhrif á Ísland, enda er landið hluti af innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins.

PensionsEurope

- Vinnur að því að efla, vernda og auka vitund um starfstengdan lífeyri og önnur eftirlaunaúrræði tengd atvinnulífi, sem eru rekin af félögum sem starfa einkum samfélagslega og eru virk á fjármálamörkuðum. Atvinnurekendur





gegna oft mikilvægu hlutverki í starfstengdum lífeyriskerfum sem geta tekið á sig ólíkar myndir. Aðgerðir samtakanna taka mið af þróun á vinnumörkuðum og breytingum á áherslum varðandi starfshætti.

- Stuðlar að jafnvægi í lífeyriskerfum sem byggja á mörgum stoðum til að tryggja að hvert aðildarríki geti mótað sitt lífeyriskerfi í samræmi við pólitískar áherslur sínar um hlutverk ríkisins, aðila vinnumarkaðarins og einstaklinga sem eiga réttindi í starfstengdum lífeyrissjóðum.
- Talar fyrir því að lífeyrissjóðir og sambærilegar stofnanir starfi sem ábyrgir fagfjárfestar sem stuðli að sjálfbærni, stöðugleika og hagvexti í evrópsku efnahagslífi og á fjármálamörkuðum.
- Vinnur að því að tryggja að evrópsk löggjöf styðji og hafi ekki skaðleg áhrif á starfstengda lífeyrissjóði og önnur atvinnulífsbundin eftirlaunakerfi og beitir áhrifum sínum til að draga úr neikvæðum áhrifum slíkra reglna svo hægt sé að tryggja öruggan, hagkvæman og fullnægjandi lífeyri.

Alþjóðleg lífeyrisvísitala Mercer

Íslenska lífeyriskerfið er í öðru sæti á eftir Hollandi í alþjóðlegri lífeyrisvísitölu sem ráðgjafarfyrtækið Mercer og samtökin CFA Institute standa að. Ísland tók í fimmta sinn þátt í vísitölunni á árinu 2025 þar sem gerður er samanburður á lífeyriskerfum 52 ríkja. Ísland fékk A einkunn ásamt Hollandi og Danmörku. Í skýrslu Mercer gefur A-einkunn til kynna „fyrsta flokks og öflugt lífeyriskerfi sem tryggir góð réttindi, er sjálfbært og sem traust ríkir um.“

Lífeyrisvísitalan metur heildarlífeyriskerfi mismunandi landa út frá þremur meginþáttum; Sjálfbærni, nægjanleiki og traust. Ísland var með A einkunn í öllum þremur. Í grófum dráttum er verið að meta hvort lífeyriskerfið sé sjálfbært til lengri tíma, hvort eftirlaunin dugi fólki til framfærslu og hvort kerfið sé traust, gagnsætt og vel rekið.

Heildareinkunn Íslands í vísitölunni í ár var 84 stig. Um er að ræða lítils háttar hækkun frá fyrra ári en þá fékk Ísland einkunnina 83,4. Hækkar Ísland sig bæði í flokknum sjálfbærni, úr 82 í 83, og nægjanleika, úr 84,3 í 85,7, en lækkar í flokknum traust, úr 84,4 í 83,3.

Mercer CFA

Global Pension Index 2025

Íslenska lífeyriskerfið var í öðru sæti, á eftir Hollandi, í alþjóðlegum samanburði í Mercer lífeyrisvísitölnnar en þar eru lífeyriskerfi í 52 ríkjum borin saman.



Mercer er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig m.a. í ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana. CFA Institute eru óhagnaðardrifin samtök sem vinna að því að auka ábyrgar og sjálfbærar fjárfestingar á alþjóðavísu. Mercer-lífeyrissvísitalan hefur verið gefin út um árabíl og veitir hlutlausan og samanburðarhæfan mælikvarða á lífeyriskerfi fjölmargra landa. Aðilar að þátttöku Íslands eru Landssamtök lífeyrissjóða, Seðlabanki Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneytið.

Mercer lífeyrissvísitalan

Grunnþættir

Nægjanleiki Adequacy	Sjálfbærni Sustainability	Traust Integrity
<ul style="list-style-type: none"> ▪ Lífeyrir ▪ Uppbygging kerfis ▪ Sparnaður ▪ Skattlagning ▪ Hlutfall í eigin húsnæði ▪ Vaxtareignir 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Þátttaka ▪ Eignir lífeyrissjóða ▪ Aldurssamsetning þjóðar ▪ Opinber útgjöld ▪ Opinberar skuldir ▪ Hagvöxtur 	<ul style="list-style-type: none"> ▪ Lög og reglur ▪ Stjórnarhættir ▪ Réttindavernd ▪ Upplýsingagjöf ▪ Rekstrarkostnaður



Fundir, ráðstefnur, námskeið og fleira

Helstu fundir, ráðstefnur og viðburðir sem fram hafa farið á vettvangi LL frá síðasta aðalfundi.

2025

27. maí: Aðalfundur LL 2025 á Grand Hótel. Fundurinn var að meginstefnu staðfundur en einnig var unnt að fylgjast með í streymi. Atkvæðagreiðsla var einungis á staðnum. Að aðalfundarstörfum loknum flutti Már Guðmundsson, fyrrverandi seðlabankastjóri, erindið Aldarfjórðungs skyndimyndir íslenska lífeyriskerfisins: - áskoranir og styrkleikar.

30. maí: Fulltrúar fjármálaeftirlits SÍ héldu kynningu á vinnu við uppfærslu á skýrsluformi sem sjóðirnir skila um niðurstöðu tryggingafræðilegrar athugunar. Fundinum var ætlað að vera liður í umsagnarferli við endurbætur á skýrsluskilum sjóðanna.

4. júní: Haldinn var kynningarfundur hjá Sjóvá á stjórnendatryggingu (D&O) en fulltrúar frá endurtryggjendum Sjóvá, Sompo International, voru á landinu.

5. júní: TR vinnur að rýni á framtíðarsýn í upplýsingatækni og koma ráðgjafar á vegum Deloitte að verkefninu. Hluti af vinnunni var að leita til aðila sem eiga hagnuna að gæta í samstarfi við TR. Haldin var kynning á verkefninu og fengin afstaða nokkurra fulltrúa lífeyrissjóða á þeim samskiptum sem eiga sér stað milli lífeyrissjóða og TR.

19. júní: Fulltrúum lífeyrissjóða var boðið á kynningarfund á vegum fjármálaeftirlits SÍ þar sem kynnt voru leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2025, um útvistun.

20. ágúst: Fulltrúar lánshæfismatsfyrirtækisins S&P óskuðu eftir fundi með fulltrúum lífeyrissjóða og var sá fundur haldinn í fjármála- og efnahagsráðuneytinu.

28. ágúst: Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs og formaður nefndar um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða, hélt erindi á Innviðaþingi undir yfirskriftinni Fjárfestingar lífeyrissjóða í innviðum.

8. - 9. september: Árlegur vinnu- og stefnumótunarfundur LL var haldinn á Hótel Hamri, Borgarfirði. Auk stjórnarmanna sátu fundinn formenn fastanefnda og starfsmenn LL.

15. september: Fulltrúum lífeyrissjóða var boðið á fund í Seðlabankanum þar sem viðfangsefnið var einföldun á verklagi og skýrsluskilum.

19. september: Vinnudagur starfsmanna LL. Sigborg Gunnarsdóttir, ráðgjafi var starfsmönnum til leiðsagnar og fór yfir ýmsa mikilvæga þætti er varða upplýsingatækni og meðhöndlun rafræna gagna.



8. október: Bjöllunni hringt í Kauphöll Íslands til að vekja athygli á mikilvægi fjármálalæsis.

10. október: Ein af málstofum Lagadagsins bar yfirskriftina Af vettvangi fjölskylduréttar. Framkvæmdastjóri LL hélt þar erindið Uppbygging lífeyrisréttinda- heimildir til ráðstöfunar.

14. október: LL héldu fræðslu- og samráðsfund þar sem nokkur erindi voru haldin. Víðir Smári Petersen, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, kynnti helstu niðurstöður álitserðar sinnar um fyrningu lífeyrisréttinda. Dr. Kolbeinn Hólm Stefánsson, dósent við félagsvísindasvið Háskóla Íslands, kynnti bráðabirgðaniðurstöður rannsóknar um þróun lífskjara og lágtekjuhlutfall eldri borgara. Tómas Brynjólfsson varaseðlabankastjóri fjármálastöðugleika og Flóki Halldórsson, framkvæmdastjóri á fjármálastöðugleikasviði kynntu helstu efnisþætti úr riti Seðlabankans, Fjármálastöðugleiki 2025/2.

23. október: LL héldu móttöku fyrir sendiráðunauta Evrópusambandsins á fjármálamarkaði þar sem íslenska lífeyrissjóðakerfið var kynnt.

27. október: Hrefna Friðriksdóttir, prófessor við lagadeild Háskóla Íslands, flutti erindi fyrir réttinda- og fræðslunefnd LL undir yfirskriftinni „Er sanngjarnt að halda lífeyrisréttindum hjóna utan fjárskipta?“

6. nóvember: Kauphöllin og SFF héldu ráðstefnu í Hörpu undir yfirskriftinni Leiðir til að efla hlutabréfamarkaðinn og var Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, meðal þátttakenda.

17. nóvember: Ársfundur Rannsóknarstofnunar lífeyrismála PRICE 2025. Boðið var upp á fjölbreytta fyrirlestra og áhugaverðar pallborðsumræður í lokin þar sem rædd var ávöxtunarkrafa lífeyrissjóða.

4. desember: Fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða, málstofa haldin í samstarfi fjármála- og efnahagsráðuneytisins, LL og Seðlabanka Íslands á Hilton Reykjavík Nordica.

2026

27. janúar: Kynningarfundur á starfsemi LL var haldinn á Hótel Natura fyrir framkvæmdastjóra lífeyrissjóða og lykilstarfsmenn. Á fundinum var farið yfir helstu verkefni LL og héldu formann fastanefnda kynningu á helstu verkefnum sinna nefnda.

11. febrúar: Fulltrúar frá systurstofnunum TR á Norðurlöndunum fengu kynningu á íslenska lífeyrissjóðakerfinu. Jóna Finndís Jónsdóttir, Stapa lífeyrissjóði, og Snædís Ögn Flosadóttir, Arion banka, voru með framsögu og í kjölfarið spunnust áhugaverðar umræður.

11. febrúar: Sendiráð Frakklands óskaði eftir kynningu fyrir fulltrúa franskra stjórnvalda. Fundur var haldinn á skrifstofu Birtu lífeyrissjóðs og sátu fundinn auk framkvæmdastjóra LL, Ólafur Sigurðsson og Loftur Ólafsson.

16. febrúar: Freyja Vilborg Þórarinsdóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands, kynnti skýrslu um fjárfestingar með kynjagleraugum fyrir nefnd um fjárfestingarumhverfi lífeyrissjóða.





10., 17. og 18. febrúar: Lífeyrisvit, kynningar á íslenska lífeyrissjóðakerfinu fyrir Eflingu stéttarfélag á íslensku, ensku og pólsku.

12. mars: Fulltrúar frá Seðlabanka Íslands kynntu FX Global Code – alþjóðlegt viðmið, sem 16 seðlabankar og helstu markaðsaðilar standa að, um bestu framkvæmd gjaldeyrisviðskipta. Markmiðið er að ná fram skilvirkum, opnum og gagnsæjum viðskiptum með gjaldeyri. Seðlabanki Íslands staðfesti FX Global Code árið 2018 og er það hluti af regluverki gjaldeyrismarkaða.

19. mars: Fjármálaeftirlitsdagurinn – samtal við eftirlitið. Kynningar og umræður um helstu viðfangsefni og áherslur í fjármálaeftirliti. Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Birtu lífeyrissjóðs, tók þátt í pallborðsumræðum sem fulltrúi lífeyrissjóða.

23. mars: Fræðslunefnd LL stóð fyrir fundi í samstarfi við TR um breytingar á örorku- og endurhæfingarlífeyri almannatrygginga sem tóku gildi 1. september 2025. Auðbjörg Nanna Ingvarsdóttir, sviðsstjóri örorkusviðs TR, og Guðmundur Gunnarsson, lögfræðingur hjá TR, fluttu erindi og svöruðu spurningum.



LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

Landssamtök lífeyrissjóða · Guðrúnartúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 563 6450 · Kt. 450199-2069 · ll@ll.is

www.lifeyrismal.is